# FRÉTTABLAÐIÐ

75. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á Í... FÖSTUDAGUR 29. MARS 2019

# Harkaleg lending

**Gjaldþrot WOW átti sér langan aðdraganda en brotlendingu flugfélagsins bar þó skyndilega að og hafði víðtæk áhrif. Þúsundir gætu misst vinnuna, ferðaþjónustan nötrar og strandaglópar eru í óvissu.**

Forstjóri Vinnumálastofnunar býst við gífurlegu álagi á stofnunina næstu vikur vegna gjaldþrots WOW air. Um 1.100 manns misstu vinnuna í gær.

Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar óttast að fleiri störf muni tapast á komandi mánuðum. „Ekki er óvarlegt að áætla að alls verði það á bilinu 1.500 til 2.000 manns missi vinnuna áður en sumarið er liðið,“ segir hann.

Icelandair virkjaði í gær viðbragðsáætlun eftir að tilkynnt var að WOW air hefði hætt starfsemi og öllu flugi félagsins var aflýst. „Má búast við álagi á alla starfsmenn í dag og næstu daga,“ sagði forstjórinn í orðsendingu til starfsmanna.

Staðan sem upp er komin var rædd á Alþingi. „Það eru vonbrigði að sjá rekstur flugfélagsins WOW stöðvast,“ sagði fjármálaráðherra.

Flugmenn hjá WOW air fengu þegar í gær tilboð um störf utan landsteinanna.

Arion banki getur ekki veitt upplýsingar um hversu mikið bankinn hefur fært niður af skuldum flugfélagsins.

Seðlabankinn greip inn í gjaldeyrismarkaðinn til að verja gengi krónunnar. sjá síður 2, 4 og 6

**Við reyndum öll okkar besta fram á síðustu stundu.**

Skúli Mogensen, fyrrverandi forstjóri WOW air



**Tveir skiptastjórar í þrotabúi WOW air fara nú yfir stöðu flugfélagsins.**

## 1.100

misstu vinnuna hjá WOW air í gær.

KORTER Í 4
• Ný uppskrift í hverri viku
• Allt á einum stað
• Einfalt að elda
Þú finnur uppskriftir á kronan.is/korteri4
KRÓNAN

## Veður




Suðvestan 10-18 m/s hvassast við S- og V-ströndina. Víða dimm él, en úrkomulítið á NA- og A-landi. Allhvöss vestanátt austanlands fram yfir hádegi, annars talsvert hægari vindur. Él, einkum á N-landi, en bjartviðri suðaustan til. SJÁ SÍÐU 18

# Funda stíft næstu daga

**KJARAMÁL** „Við höfnum því alfarið að kjaraviðræður eigi að stjórnast af einhverjum sviptivindum. Grundvallarforsendan í okkar kröfugerð hefur verið að fólk geti lifað af laununum. Það er krafa sem á við, óháð því hvernig efnahagsástandið er,“ segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar.

Samtök atvinnulífsins og stéttarfélögin sex sem eru í samfloti funduðu í gær hjá ríkissáttasemjara, sem hefur boðað deiluaðila á vinnufundi í dag og á laugardag og sunnudag.



**Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar.**

Verði ekki árangur af þeim fundum hefst þriggja sólarhringa verkfall VR og Eflingar á þriðjudag.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, sagði ljóst fyrir fundinn í gær að fall WOW air myndi hafa einhver áhrif á viðræðurnar en óljóst sé hver þau verði.

„Við höfum náttúrulega frestað samningafundi nokkrum sinnum vegna þessa möguleika með WOW. Því miður hefur þetta raungerst,“ segir Halldór.

Viðar segist ekki gera lítið úr því að fólk sé að missa vinnuna, bæði hjá WOW og í tengdum störfum í ferðaþjónustu. Þannig tilkynntu Kynnisferðir um uppsagnir 59 starfsmanna í gær.

„Við höfum verið að minna á það að þetta er mjög óheppilegur tími fyrir fyrirtæki að fara í hópuppsagnir vegna þess að það er náttúrulega spenna á vinnumarkaði. Við höfum auðvitað áhyggjur af því að það sé hægt að nota slíkt sem átyllu til að beita starfsfólk þrýstingi,“ segir Viðar. **– sar**

## Doði í Leifsstöð



**Endalok WOW air í kjölfar dauðastríðs í vetur skullu af þunga á viðskiptavinum flugfélagsins snemma í gær. Farþegar komust ekki til síns heima og reyndu að útvega sér flug með öðrum félögum. Icelandair býður handhöfum flugmiða frá WOW svokölluð björgunarfargjöld. Kosta þau 7.400 krónur til áfangastaða í Evrópu og 12.300 til Norður-Ameríku. Framboðið er hins vegar takmarkað eðli málsins samkvæmt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Í Bjarnarflagi í Mývatnssveit.**

# Loka hringvegi vegna prófana

**ORKUMÁL** Þjóðvegi eitt austan Námaskarðs verður lokað milli klukkan hálf átta og níu í dag vegna þrýstiprófana í Kröfluvirkjun og Bjarnarflagi.

Slík þrýstiprófun er ekki algeng og því vilja aðstandendur Kröfluvirkjunar hafa vaðið fyrir neðan sig ef eitthvað gerist á meðan. Samkvæmt lögreglunni á Norðurlandi eystra telja forsvarsmenn Landsvirkjunar að ekki sé hægt að þrýstiprófa leiðsluna að nóttu.

Unnið er að því að tengja Bjarnarflag og Kröfluvirkjun betur við Fljótsdalsstöð og Akureyri með nýjum raflínum. **– sa**

# Ferðamaður ákærður og krafinn um bætur

**Bandarískur ferðamaður hefur verið ákærður fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi er hann ók á kyrrstæðan bíl á Reykjanesbraut í fyrra. Maður slasaðist lífshættulega. Kröfu um farbann var hafnað og fór ferðamaðurinn til síns heima.**

**DÓMSMÁL** Bandarískur karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi svo og brot gegn umferðarlögum. Maðurinn ók bifreið aftan á kyrrstæðar bifreiðar á Reykjanesbraut við Tjarnarvelli í apríl í fyrra.

Áður en slysið varð hafði bolti rúllað eftir veginum og orsakað talsverða hættu. Ökumaður á ferð sá boltann, stöðvaði bifreið sína, kveikti á viðvörunarljósum og hugðist fjarlægja hann. Næsta bifreið fyrir aftan hann staðnæmdist einnig en ökumaður þriðju bifreiðarinnar, bandaríski ferðamaðurinn, gætti ekki að sér og ók aftan á bifreiðina fyrir framan sig.

Ökumaður fremsta bílsins, sá sem steig út til að fjarlægja boltann, hlaut af þessu lífshættulega áverka. Meðal annars höfuðkúpubrot, blæðingu í heila, fjölmörg rifbeinsbrot og blæðingar innvortis. Þá hefur slysið haft í för breytingar á persónuleika hans og sjónsviði vinstra auga.

Málið vakti talsverða athygli á sínum tíma sökum þess að fjöldi ökumanna ók fram hjá stórslösuðum manninum án þess að gefa honum gaum.

Farið var fram á farbann yfir bandaríska ferðamanninum meðan á meðferð málsins stæði. Fallist var á það í héraði með vísan til þess að maðurinn hefði engin tengsl við landið og því líkur á að hann myndi reyna að komast undan saksókn með því að fara úr landi. Sá úrskurður var síðar felldur úr gildi í Landsrétti með vísan til þess að lögreglan hefði upplýsingar um símanúmer, netfang og vinnustað hans ytra. Fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að hann myndi reyna að koma sér undan réttvísinni.



**Af vettvangi slyssins á Reykjanesbraut við Tjarnarvelli í fyrra.** MYND/ÍVAR

**Sá sem alvarlegustu meiðslin hlaut fer fram á sex milljónir í miskabætur auk tæpra þriggja milljóna í skaðabætur. Ungar dætur hans krefjast 2,5 milljóna króna hvor.**

Sé Facebook-síða mannsins skoðuð sést hins vegar að hann dvelur nú í heimalandinu. Ákæra málsins er birt í Lögbirtingablaðinu en af því má álykta að illa hafi gengið að birta honum ákæruna í Bandaríkjunum.

Brot mannsins, verði hann fundinn sekur, varðar allt að fjögurra ára fangelsi. Auk kröfu ákæruvaldsins um refsingu gera brotaþolar málsins kröfu um greiðslu skaða- og miskabóta.

Ökumaður fremsta bílsins, sá sem alvarlegustu meiðslin hlaut, fer fram á sex milljónir í miskabætur auk tæpra þriggja milljóna í skaðabætur. Tvær ungar dætur hans, sem voru farþegar í bifreiðinni, gera kröfu um 2,5 milljónir í miskabætur hvor.

Ökumaður síðari bifreiðarinnar fer fram á 1,5 milljónir í miskabætur vegna tjóns síns. Alls er bandaríski ferðamaðurinn því krafinn um rúmar fimmtán milljónir króna.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness 30. apríl óháð því hvort Bandaríkjamaðurinn verður viðstaddur eður ei. **joli@frettabladid.is**

Varmadælur & loftkæling



Midea
It's your Idea



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Kælitækni

• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
• Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins
kr. 145.000 m.vsk
Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m2.

Umhverfisvænn kælimiðill
R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU-AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

landrover.is

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND




## DISCOVERY S

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

DISCOVERY S 240, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 10.990.000 kr.

## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem fæst í 5 eða 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hinu annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 7.790.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM92288

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

## WOW

### Ráðamenn um framhaldið eftir hvarf WOW

Ég trúi ekki öðru en að menn séu meira sammála en umræðan ber með sér um að framtíðin er, þrátt fyrir þetta áfall, ótrúlega björt.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra



Við höfum fylgst með fyrirtækinu reyna allt sem það gat til að bjarga sér. Við vonuðum það besta en höfum allan tímann verið undirbúin fyrir það versta.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Ég held að við séum fullvel í stakk búin til að takast á við þessa áskorun og horfa til framtíðar.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra



Við erum að gera okkar til að greiða úr þessu varðandi farþegana og til lengri tíma þá er þetta röskun sem vissulega hefur áhrif en það þýðir ekkert að sitja með hendur í skauti, við bara höldum áfram.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamálaráðherra






**Það lá fyrir í gærmorgun að skellt yrði í lás hjá WOW air og starfsfólk missti vinnuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Óttast fleiri uppsagnir

**Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir fyrirtæki hafa verið í aðhaldsfasa. Búist við miklu álagi hjá Vinnumálastofnun komandi misseri.**

**KJARAMÁL** Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) óttast að fleiri störf muni tapast á komandi mánuðum. Forstjóri Vinnumálastofnunar (VMST) býst við gífurlegu álagi á stofnunina næstu vikur vegna gjaldþrots flugfélagsins WOW air.

Um 1.100 manns misstu vinnuna í gær þegar WOW air fór veg allrar veraldar. Áhrifa af þroti flugfélagsins gætti strax á mörkuðum og brá Seðlabankinn á það ráð að grípa inn í gjaldeyrismarkaðinn til að sporna við veikingu krónunnar.

Áhrifa gætti ekki aðeins þar. Kynnisferðir tilkynntu í gær að fyrirtækið hefði sagt upp 59 starfsmönnum en þar hafa starfað um 400 manns undanfarið. Í fréttatilkynningu fyrirtækisins kemur fram að aðalástæðan fyrir uppsögnunum sé sú að WOW air hafi lagt upp laupana. Einnig hafi spilað inn í að brátt sjái fyrirtækið ekki lengur um áhafnaakstur Icelandair.

„Við vitum að fyrirtæki í þessum geira hafa verið í hagræðingarfasa undanfarið og svo sem verið viðbúið að einhverjir þurfi að segja upp,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

Launakostnaður sé einn stærsti rekstrarliður fyrirtækjanna og fyrirséð að verkefnastaða verði verri en undanfarin ár. Því liggi þetta beinast við. Því telur hann líklegt að fleiri fyrirtæki muni bætast við á næstunni.

„Miðað við að það voru 1.100 sem misstu vinnuna í gær þá held ég að það sé ekki óvarlegt að áætla að alls verði það á bilinu 1.500 til 2.000 manns sem missi vinnuna áður en sumarið er liðið. Það er þó erfitt að segja til um það með vissu,“ segir Jóhannes.

Í kjölfar fregna af þroti WOW air voru símar VMST rauðglóandi. Sé heimasíða stofnunarinnar opnuð blasir við orðsending til fyrrverandi starfsfólks þar sem því er leiðbeint um næstu skref. Þá verður stofnunin með opið á morgun í höfuðstöðvum sínum sem og í Reykjanesbæ til að veita starfsfólki liðsinni.

„Það er mjög mikilvægt að fólk skili inn umsókn um atvinnuleysisbætur sem fyrst,“ segir Unnur Sverrisdóttir, forstjóri VMST. Hún segir að aldrei í sögunni hafi jafn fjölmennur hópur orðið atvinnulaus á jafn skömmum tíma.

Fyrstu þrjá mánuðina á fólk rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum sem nema 70 prósentum af heildarlaunum, þó að hámarki 441 þúsund krónum á mánuði. Eftir það taka grunnatvinnuleysisbætur við en þær eru tæpar 280 þúsund krónur miðað við fullan bótarétt. Þá er viðbúið að greiða þurfi úr ábyrgðarsjóði launa en hámarksábyrgð þaðan er 633 þúsund á mánuði. Sjóðurinn tryggir einnig hluta séreignarsparnaðar en sagt var frá því á dögunum að WOW air hefði ekki staðið skil á mótframlagi atvinnurekanda í séreignarsjóð.

Aðspurð hvort VMST muni þurfa að bæta starfsfólki við tímabundið til að ná að sinna umsóknum í sjóðinn segist Unnur allt eins eiga von á því. „Við höfum að auki miklar áhyggjur af afleiddu störfunum. Fyrirtæki hafa teiknað upp hinar ýmsu sviðsmyndir og það er viðbúið að þau hafi snör handtök þegar það versta gerist,“ segir Unnur.

**joli@frettabladid.is**

### Telja fjármálaáætlun vera handónýtt plagg

Eftir fréttir morgunsins lítur þessi áætlun í besta falli út eins og ágæt skáldsaga.

Þorsteinn Víglundsson, áheyrnarfulltrúi Viðreisnar í fjárlaganefnd



Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar með öllum hennar göllum og óvissuþáttum verður ekki samþykkt óbreytt.

Oddný G. Harðardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd



WOW air er okkar stærsti viðskiptavinur þannig að þetta kallar á endurskipulagningu og við þurfum að vinna í breytingum á fyrirtækinu.

Sigþór Kristinn Skúlason, forstjóri Airport Associates

Ég trúi því enn þá að ef við hefðum fengið meiri tíma þá hefðum við getað lokið þessu.

Skúli Mogensen, fyrrverandi forstjóri WOW







# Arion upplýsir ekki um niðurfærslu

**VIÐSKIPTI** Arion banki getur ekki veitt upplýsingar um hversu mikið bankinn hefur fært niður af skuldum flugfélagsins.

Arion banki sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem fram kom að stöðvun rekstrar WOW air myndi ekki hafa veruleg bein áhrif á rekstrarafkomu bankans að teknu tilliti til annarra þátta í rekstrinum.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn á Arion um það hve mikið bankinn hefði fært niður fram að rekstrarstöðvun WOW air og hvað hann sæi fram á að þurfa niðurfæra mikið til viðbótar. Fengust þau svör að bankinn gæti ekki veitt þær upplýsingar.

Í fjárfestakynningu á uppgjöri Arion banka fyrir fjórða ársfjórðung sem birt var 13. febrúar kom fram að skuldabréf tengd flugfélögum hefðu verið færð niður um 360 milljónir króna á fjórðungnum.

Þá kom fram í kynningu WOW air, sem Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins, hefur undir höndum, að heildarskuldbindingar flugfélagsins við bankann í evrum og dölum næmu alls 1,6 milljörðum króna á gengi dagsins í dag.



**Arion banki hefur lánað WOW air nokkurt fjármagn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í gærmorgun var öllu flugi WOW air til og frá landinu aflýst. Sagði í tilkynningu frá flugfélaginu að allt flug hefði verið stöðvað á meðan samningaviðræður við nýjan eigendahóp væru á lokametrunum. Skömmu síðar var greint frá því að félagið hefði hætt starfsemi.

Tíðindin hafa valdið töluverðum lækkunum á hlutabréfamarkaði. Lækkaði úrvalsvísitalan um 1,44 prósent ígær. Hins vegar hækkuðu hlutabréf í Icelandair um tæp 15 prósent. **– þfh**


Sumar 2019
Heimurinn stækkar með Heimsferðum
Flugsæti eingöngu og pakkafeðir til ævintýralegra sólaráfangastaða
BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN
taska og handfarangur innifalið.
Alicante
Flugsæti frá 69.900
Albír
Flugsæti frá 69.900
Almería
Flugsæti frá 69.900
Benidorm
Flugsæti frá 69.900
Bibione
Flugsæti frá 69.900
Calpe
Flugsæti frá 69.900
Costa del Sol
Flugsæti frá 69.900
Krít
Flugsæti frá 69.900
Lignano
Flugsæti frá 69.900
Tenerife
Flugsæti frá 79.900
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
595 1000 • Bókaðu þína ferð á heimsferdir.is
Heimsferðir

WOW



Vignir Örn Guðnason, formaður ÍFF.

## Flugmönnum WOW bjóðast þegar störf

**FLUGMÁL** Flugmenn hjá WOW air fengu þegar í gær tilboð um störf utan landsteinanna. Þetta staðfestir Vignir Örn Guðnason, formaður Íslenska flugmannafélagsins, ÍFF, sem er stéttarfélag flugmanna WOW.

„Það er náttúrlega fullt af störfum í boði en það er ekkert í boði á Íslandi mér vitandi,“ segir Vignir. Aðspurður segir hann störfin ekki bjóðast á einhverjum sérstökum svæðum. „Heimurinn er smár þegar kemur að flugvélum og flugi.“

Vignir segir ÍFF nú reyna að koma á sambandi við atvinnumiðlanir. „Við erum að reyna að aðstoða og koma böndum á þetta kaos sem búið er að myndast. Við erum að reyna að halda hópinn en það er hver og einn að skoða fyrir sig,“ segir hann.

Í gær misstu 178 starfandi flugmenn innan ÍFF vinnuna. „Við hjá félaginu vorum öll að missa vinnuna nema einn starfsmaðurinn okkar. Það er enn starfandi sem stéttarfélag þótt forsendur þess og hlutverk kunni að breytast.“ – gar

## Tvöfalt lengri kröfulýsingarfrestur en venjulegt er

**VIÐSKIPTI** Frestur til að lýsa kröfu í þrotabú WOW air verður fjórir mánuðir en meginreglan er að hann sé helmingi styttri. Var þetta ákveðið af skiptastjórum búsins meðal annars með vísan til þess að félagið var í umtalsverðri starfsemi á erlendri grund.

Lögmennirnir Sveinn Andri Sveinsson og Þorsteinn Einarsson voru skipaðir til að stýra slitunum. Búið var tekið til þrotaskipta með úrskurði héraðsdóms klukkan 13.30 og klukkutíma síðar voru skiptastjórarnir mættir í höfuðstöðvar félagsins.

„Þetta var mjög sérstakt andrúmsloft að koma inn í. Fólk var algjörlega örmagna og hafði vakað í marga sólarhringa. Það mætti skilningi hjá okkur að menn voru misjafnlega vel upplagðir til að svara spurningum okkar en okkur var vel tekið og við fengum upplýsingar fljótt og vel,“ segir Sveinn Andri.

Næstu skref eru að sinna bráðaaðgerðum enda mánaðamót og ýmislegt sem þarf að gera. Skiptastjórar gera ráð fyrir að mæta aftur á skrifstofur WOW snemma í dag og funda með lykilstarfsfólki. – jóe



Sveinn Andri Sveinsson er annar tveggja skiptastjóra í þrotabúi WOW air.

# Icelandair réttir hjálparhönd

**Viðbragðsáætlun var sett í gang hjá Icelandair í gær vegna farþega sem urðu strandaglópar þegar WOW air hætti rekstri. Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir ljóst að mikið muni reyna á starfsfólkið.**

**NEYTENDUR** Icelandair virkjaði í gær viðbragðsáætlun eftir að tilkynnt var að WOW air hefði hætt starfsemi og öllu flugi félagsins var aflýst. Var þá ljóst að þúsundir farþega og starfsmanna væru strandaglópar. Félagið ákvað að bjóða sérstök afsláttarfargjöld á almennu farrými til og frá ákveðnum áfangastöðum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Kjörin sem Icelandair býður eru þannig að fast gjald til eða frá Evrópu er 60 Bandaríkjadalir aðra leiðina með tösku og 100 Bandaríkjadalir til eða frá Bandaríkjunum, fyrir utan skatta og gjöld. Fargjöld þessi standa til boða næstu tvær vikurnar fyrir farþega sem áttu bókað með WOW frá 28. mars til 11. apríl. Þá ákvað Icelandair einnig að aðstoða áhafnir WOW air sem voru að störfum erlendis til að komast til síns heima, þeim að kostnaðarlausu.




Margir voru ráðvilltir í Leifsstöð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, sagði í bréfi til starfsmanna félagsins að verkefnið fæli í sér töluverða áskorun. „Í ljósi stöðunnar mun nú reyna mikið á okkur og það má búast við álagi á alla starfsmenn í dag og næstu daga,“ skrifaði Bogi Nils. „Það er áskorun að takast á við þetta verkefni þar sem páskarnir eru fram undan og því eru flestar vélar þétt bókaðar á okkar helstu flugleiðum.“

Þá hefur Icelandair gefið út að verð á flugmiðum miðist við eftirspurn og síðustu daga og vikur hafi verið mikil ásókn í flug. Afsláttarfargjöldin sem bjóðast nú farþegum WOW auki þá eftirspurn enn frekar.

Hlutabréf Icelandair hafa sveiflast mikið í takt við fréttir af WOW air. Þegar aðalmarkaði Kauphallarinnar var lokað í gær hafði verð hlutabréfa Icelandair hækkað um tæp fimmtán prósent í 326 milljóna króna viðskiptum. – þfh

## Atburðarásin

**24. mars kl. 17.50**
- Icelandair slítur viðræðum við WOW air um kaup á félaginu. Í kjölfarið tilkynnir WOW air að reynt verði að semja við lánardrottna um að breyta skuldum í hlutafé í félaginu.

**25. mars**
- Kyrrsetningar á flugvélum WOW air valda raski á áætlunum félagsins. Það nær að greiða úr vandanum og vélarnar tóku á loft á endanum.

**26. mars, morgunn**



- Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair, blandar sér í umræðuna í útvarpsþættinum Bítið. Spyr hann hvers vegna Samgöngustofa hafi ekki gripið inn í rekstur WOW air ef félagið var ekki rekstrarhæft. „Mér sýnist nokkuð langt síðan þetta félag var það ekki,“ segir hann.

**26. mars, kl. 12.55**
- Sigþór Kristinn Skúlason, forstjóri Airport Associates, sem er einn af kröfuhöfum WOW air, hafnar því í samtali við Ríkisútvarpið að tímapressan sé mikil. „Fjölmiðlar eru að reyna að búa til einhverja pressu, að það sé ögurstund eða að eitthvað lokist í dag eða á morgun,“ segir Sigþór. „Ég er að horfa fram á jafnvel einhverjar vikur þangað til það verður komin niðurstaða.“






**26. mars, kl. 15.30**
- Skuldabréfaeigendur í WOW air samþykkja að breyta skuldabréfum sínum í hlutafé og hefjast þar með formlegar viðræður við fjárfesta um fjármögnun félagsins. Þátttakendur í skuldabréfaútboði WOW air léðu flugfélaginu um 7,9 milljarða króna síðasta haust. Skúli Mogensen missir yfirráðin yfir félaginu sem hann stofnaði.

**26. mars, síðla dags**
- Forstjóri og stjórnarmenn WOW air, ásamt fulltrúa skuldabréfaeigenda flugfélagsins, funda um stöðuna með fulltrúum ríkisstjórnarinnar í fjármálaráðuneytinu.

**27. mars**
- Markaðurinn greinir frá drögum að kynningu á endurskipulagningu WOW air. Samkvæmt drögunum gerðu áætlanir flugfélagsins ráð fyrir miklum rekstrarbata. Þannig átti lausafjárstaðan að verða jákvæð um meira en milljarð í júní á þessu ári.

**27. mars**
- Stjórnendur og ráðgjafar WOW air leita allra leiða til að fjármagna greiðslur fyrir morgundaginn svo að unnt sé að koma í veg fyrir að flugvélar félagsins verði kyrrsettar. Leita þau meðal annars til Arion banka, viðskiptabanka félagsins, og einnig skuldabréfaeigenda WOW air, en án árangurs.

**28. mars, 00.00**
- WOW air nær ekki að standa í skilum á um 300 milljóna króna greiðslu sem átti að greiðast fyrir miðnætti, meðal annars til Air Lease Corporation (ALC), stærsta leigusala flugfélagsins. Sjö vélar félagsins eru af þeim sökum kyrrsettar.

**28. mars, nótt**
- Isavia beitir um nóttina stöðvunarheimild á flugvél flugfélagsins til tryggingar á ógreiddum notendagjöldum.



**28. mars, 05.30**
- Öllu flugi WOW air til og frá landinu yfir daginn er aflýst. Í tilkynningu frá flugfélaginu kemur fram að allt flug hafi verið stöðvað á meðan samningaviðræður við nýjan eigendahóp séu á lokametrunum.

**28. mars, 07.00**
- Viðræður við fjárfesta halda áfram til klukkan sjö um morguninn, að sögn Skúla. Þá rennur tíminn út. „Við vorum að vinna í alla nótt með fleiri en einum aðila en tíminn rann út,“ segir Skúli við RÚV seinna um daginn. „Menn voru einfaldlega orðnir óþreyjufullir.“

**28. mars, 08.27**
- Samgöngustofa tilkynnir að WOW air hafi hætt starfsemi og að öll flug félagsins falli niður. Þar með verða þúsundir farþega strandaglópar og þúsundir starfsmanna missa vinnu sína hjá félaginu.

**28. mars, 12.00**
- Skúli er duglegur að stappa stáli í starfsmenn sína í gegnum endurskipulagningarferlið með tölvupóstum. Um hádegisbilið sendir hann póst á starfsmenn sem er líklega sá síðasti. „Ég get aldrei fyrirgefið mér að hafa ekki gripið til ráðstafana fyrr því það er ljóst að WOW var magnað flugfélag og við vorum á réttri leið til að gera frábæra hluti á ný,“ skrifar Skúli Mogensen.

**28. mars, 13.30**
- WOW air er tekið til gjaldþrotaskipta í Héraðsdómi Reykjavíkur og lýkur þá rekstrarsögu flugfélagsins sem var stofnað í nóvember 2011. Hæstaréttarlögmönnunum Sveini Andra Sveinssyni og Þorsteini Einarssyni er falið að skipta búinu.

UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU

mazda



# GLÆNÝR MAZDA3 – FRUMSÝNDUR Á LAUGARDAG

**AKSTURSEIGINLEIKAR SAMEINA MANN OG BÍL**

Markmið verkfræðinga Mazda er að gera mann og bíl að einu við aksturinn en á japönsku útleggst það sem Jinba Ittai, forn japönsk hugmyndafræði, eða „maður og hestur verða eitt“. Nýjasta SkyActiv bíltækni Mazda3 leysir þetta á magnaðan hátt sem þú upplifir strax í fyrsta akstri. G-VECTORING PLUS akstursstjórnunartæknin er önnur kynslóð þessa afar fullkomna kerfis. Kerfið skynjar fyrirætlanir ökumannsins eins og hesturinn skynjar knapann sem leiðir til einstakrar upplifunar ökumanns og farþega. Prófaðu.

**FRAMÚRSKARANDI SAMSKIPTATÆKNI**

Nýtt stafrænt mælaborð auðveldar aksturinn ásamt uppfærðum 8,8″ skjánum sem er vel staðsettur til að trufla ekki aksturinn. Samskiptatæknin Mazda-Connect hefur verið endurhönnuð og er nú hraðvirkari og hjálpar þér að fylgjast með umferðinni. Bose hljómtækin skila einstökum hljómi með tólf hátölurum sem eru staðsettir á úthugsuðum stöðum í farþegarýminu. Apple CarPlay, Android Auto og GPS vegaleiðsögn eru staðalbúnaður í nýjum Mazda3. Vertu í sambandi.

**FÖGUR HÖNNUN OG EINSTAKT SAMSPIL GÆÐAEFNA INNRÉTTINGAR**

Ytri hönnun Mazda3 er einstaklega fögur þar sem flæðandi línur, ljósabúnaður og margvísleg önnur natni við smáatriði gefa bílnum einstaka lúxusásýnd. Þegar inn er komið upplifir þú magnaða hönnun innréttingar með samspili gæðaefna með einstakri áferð sem gælir við skynfærin. Mazda3 býður upp á einstaklega hljóðlátt innra rými þar sem veghljóð hefur verið lágmarkað. Snertu og prófaðu.

**Verð frá 3.490.000 kr.**

**Brimborg frumsýnir glænýjan og ríkulega búinn Mazda3 á laugardaginn í Reykjavík og á Akureyri kl. 12-16.**
**Upplifðu einstaka tilfinningu.**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

BRIMBORG REYKJAVÍK | BÍLDSHÖFÐA 8 | SÍMI 515 7040 • BRIMBORG AKUREYRI | TRYGGVABRAUT 5 | SÍMI 515 7050

# Milljarður gæti veikst alvarlega vegna hærri meðalhita jarðar

**LOFTSLAGSMÁL** Allt að milljarður gæti veikst af sjúkdómum sem moskítóflugur bera fyrir lok aldarinnar vegna hlýnunar jarðar. Þetta kom fram í tilkynningu sem Georgetown-háskóli birti í gær um nýja rannsókn á afleiðingum loftslagsbreytinga.

Útbreiðsla moskítóflugna af tegundunum Aedes aegypti og Aedes albopictus var sérstaklega skoðuð en flugurnar geta borið með sér sjúkdóma á borð við beinbrunasótt, zika-veiruna og chikungunya auk að minnsta kosti tylftar annarra sjúkdóma.

Að mati rannsakenda eru niðurstöðurnar afar slæmar, jafnvel á þeim svæðum þar sem einungis er lítil hætta á að flugurnar nemi land. Það er vegna þess að sjúkdómarnir sem flugurnar bera breiðast afar hratt út og geta fljótlega orðið að alvarlegum faraldri.

„Loftslagsbreytingar eru stærsta heilsufarsógn heims. Moskítóflugur eru einungis hluti hættunnar en eftir zika-faraldurinn í Brasilíu árið 2015 höfum við miklar áhyggjur af því sem koma skal,“ var haft eftir Colin J. Carlson, öðrum þeirra sem stýrðu rannsókninni.

Carlson sagði jafnframt að hættan væri einnig mikil á næstu áratugum. „Svæði á borð við Evrópu, Norður-Ameríku og hálend svæði í hitabeltinu sem voru áður of köld fyrir veirurnar munu þurfa að takast á við nýja sjúkdóma á borð við beinbrunasótt.“

Sadie J. Ryan, hinn rannsóknarstjórinn, sagði að sjúkdómar sem þessir væru nú þegar farnir að gera vart við sig utan hitabeltisins. **– þea**



**Aedes aegypti gæti breiðst út til Evrópu.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Ákæran kemur Facebook á óvart.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Facebook sagt mismuna fólki

**TÆKNI** Bandaríska húsnæðismálaráðuneytið (HUD) ákærði samfélagsmiðlarisann Facebook í gær fyrir að hafa beint mismunandi fasteignaauglýsingum að fólki eftir húðlit, þjóðerni, trú, fjölskyldumynstri, heilsufari og kyni. Reuters greindi frá málinu.

Í tilkynningu frá Facebook sagði að ákvörðunin kæmi samfélagsmiðlafyrirtækinu algjörlega í opna skjöldu. **– þea**

## Trúa ekki að ebóla sé til

**AUSTUR-KONGÓ** Fjórðungur aðspurðra á þeim svæðum í Austur-Kongó þar sem ebólufaraldur geisar sagði rannsakendum að hann tryði því ekki að sjúkdómurinn væri til í raun og veru. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í Lancet. Rannsóknarstjórar telja að þessi vantrú sé þáttur í því hversu lengi faraldurinn hefur geisað.

„Ebólufaraldurinn sem um ræðir er sá næstversti í skráðri sögu. Frá því hann braust út í ágúst hafa rúmlega 600 látist að sögn yfirvalda í Austur-Kongó. **– þea**

# Brexit-laus útgöngudagsetning

Bretar áttu upphaflega að ganga út úr ESB í dag. Það hefur ekki gerst. Erfið pattstaða er komin upp og alls óvíst að loforð May forsætisráðherra um afsögn skili meirihluta á bak við samning hennar.

**BRETLAND** Bretar hefðu gengið út úr Evrópusambandinu (ESB) í dag samkvæmt upphaflegum útgöngudegi. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir en ferlið hefur verið þyrnum stráð að undanförnu. Staðan er afar óljós og í raun ómögulegt að segja til um hvað koma skal. Bretar þurfa að taka ákvörðun um framhaldið fyrir 12. apríl.

Samkvæmt breskum miðlum vill Theresa May forsætisráðherra láta reyna á það í þriðja skipti að ná meirihluta þingmanna utan um útgöngusamninginn sem hún hefur gert við ESB. Í fyrstu atkvæðagreiðslu var samningurinn felldur með sögulegum mun. Saman dró í annarri atkvæðagreiðslu en munurinn var þó mikill, 149 atkvæði.

Þingmenn tóku völdin í Brexitmálinu fyrr í vikunni. Á miðvikudagskvöld greiddu þeir atkvæði um átta tillögur um framhaldið, aðrar en samning May. Þar á meðal voru tillögur um aðild að EFTA, tollabandalagi ESB, aflýsingu Brexit, þjóðaratkvæðagreiðslu um samning May og samningslausa útgöngu.

Hver einasta tillaga var felld. Minnsti munurinn var í atkvæðagreiðslu um áframhaldandi aðild að tollabandalaginu. Hún var felld með 272 atkvæðum gegn 264. Þótt lengi hafi verið rætt um að pattstaða sé komin upp í málinu á sú lýsing ef til vill betur við nú en nokkru sinni fyrr.




**Mörg eru ósátt við töfina og minna á atkvæðagreiðsluna.** NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjórn ESB sagði í gær að ef breska þingið kæmist ekki að samkomulagi í vikunni yrði Brexit ekki frestað lengur en til 12. apríl. Útgangan yrði því í raun samningslaus. „Við sáum átta „nei“ í gærkvöldi. Núna þurfum við að sjá eitthvert „já“ um framhaldið.“

Í von um að koma samningi sínum í gegnum þingið hefur May lofað að segja af sér ef samningurinn verður samþykktur. Vonast þar með til þess að persónuleg óvild þingmanna úr eigin flokki í hennar garð dugi til að fá þá til að greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni.

Þetta loforð og fyrrnefnd pattstaða virðist hafa borið nokkurn árangur. Jacob Rees-Mogg, einn leiðtoga hörðustu Brexit-sinnanna innan Íhaldsflokksins, greiddi atkvæði gegn samningnum í fyrstu tvö skiptin. Í gær sagðist hann ætla að styðja plaggið. „Samningurinn varð ekkert skyndilega betri. Hinir valkostirnir eru einfaldlega verri. Ég styð samninginn og vona að DUP taki sömu ákvörðun. Við þurfum að bíða og sjá hvað þau gera.“

**»** **Bretar hefðu átt að ganga út úr Evrópusambandinu í dag.**

Og þar virðist helsti vandi May liggja þessa stundina. Þótt ósáttir Íhaldsmenn séu margir hverjir komnir með henni í lið dugar það ekki til. Minnihlutastjórn Íhaldsflokksins reiðir sig á stuðning DUP, eða Lýðræðislega sambandsflokksins, norðurírsks smáflokks.

DUP hefur greitt atkvæði gegn samningnum í bæði skipti. Afstaða flokksins grundvallast einkum á andstöðu við svokallaða varúðarráðstöfun um fyrirkomulag landamæra Írlands og Norður-Írlands, eða Bretlands. Ráðstöfunin felur í sér að Norður-Írar þurfi að fara að stærri hluta regluverks ESB en restin af Bretlandi og við þá uppskiptingu geta DUP-liðar ekki sætt sig.

Dagskrá þingsins í dag lá ekki fyrir þegar fréttin var skrifuð. Þingflokksformaður Íhaldsflokks sagðist ætla að leggja fram tillögu um Brexit fyrir daginn í dag. John Bercow þingforseti hefur áður neitað því að heimila atkvæðagreiðslu um samninginn ef hann er í sömu mynd og áður var felld. **thorgnyr@frettabladid.is**






Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 03. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Líf eftir WOW



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

WOW air fór í gjaldþrot í gær. Niðurstaðan verður að teljast nokkuð fyrirsjáanleg miðað við vendingar síðustu vikna. Auðvitað var vitað að við ramman reip væri að draga.

Jafnvel þótt skuldabréfaeigendur hafi breytt kröfum sínum í hlutafé, lá fyrir að nýtt fé þyrfti til að tryggja framtíð félagsins. Ólíklegt var að einhver fengist til að taka þá áhættu á þeim skamma tíma sem var til stefnu.

Bandaríski sjóðurinn Indigo var sá eini sem virtist hafa haft tíma til að skoða bókhald WOW, og því í aðstöðu til að bregðast hratt við. Þegar ljóst var að Indigo væri ekki lengur við borðið, vísuðu sólarmerkin öll í sömu átt.

Nú berast fregnir af því að flugvélaleigusalar WOW hafi stöðvað starfsemina að endingu. Varla er hægt að álasa þeim fyrir það, enda vanskil félagsins mikil og saga þeirra orðin nokkuð löng.

Hins vegar verður að segjast að stjórnvöld koma ekki sérlega vel út. Svo virðist sem enginn hafi viljað taka ábyrgð á málinu sem þó snerti á ráðherrum fjármála, ferðamála og samgöngumála. Sama er að segja um Samgöngustofu sem leyfði WOW að halda flugrekstrarleyfi þótt allar vísbendingar væru um að félagið uppfyllti ekki lengur skilyrði.

Í marga mánuði hefur því verið haldið fram að stjórnvöld séu tilbúin með viðbragðsáætlun ef allt færi á versta veg hjá WOW air. Fyrstu viðbrögð eftir tíðindin sem vöktu okkur í gærmorgun voru þau að áætlunin hefði verið virkjuð, og að nánari upplýsingar kæmu síðar. Svo virðist sem áætlunin felist einkum í því að koma strandaglópum á leiðarenda.

Miðað við tilkynninguna á vef WOW virðast stjórnvöld ekki einu sinni hafa haft samráð við flugfélagið um hvernig tilkynning um rekstrarlok skyldi líta út. Eðlilegt er að spyrja í hverju vöktunin og vinnan alla þessa mánuði hafi falist.

En hvað sem þeim vangaveltum líður er staðreyndin sú að WOW air hefur flogið sitt síðasta flug. Hjá félaginu störfuðu ríflega þúsund manns sem nú eru í erfiðri stöðu.

Til lengri tíma ætti þó hagkerfið að ná jafnvægi. Ísland er enn áhugaverður áfangastaður fyrir ferðafólk, og reynslan, til dæmis af gjaldþroti Air Berlin, sýnir að markaðurinn mun sjá um að anna eftirspurn eftir flugferðum til landsins.

Gleymum því ekki að Ísland er um margt í öfundsverðri stöðu. Ríkissjóður er hóflega skuldsettur og hér eru undirstöður allar góðar. Vonandi taka deiluaðilar á vinnumarkaði nú ábyrga afstöðu í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin, og ná saman skjótt og örugglega.

Þá væru tvö stærstu óvissumálin í íslensku efnahagslífi frá, og hægt að líta fram á veginn. Það er nefnilega líf eftir WOW.

**Hins vegar verður að segjast að stjórnvöld koma ekki sérlega vel út. Svo virðist sem enginn hafi viljað taka ábyrgð á málinu sem þó snerti á ráðherrum fjármála, ferðamála og samgöngumála.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Tekinn í tolli**
Frásagnir um margboðað þrot WOW rættust í gær og komu merkilega mörgum á óvart ef marka má harmagrát og reiðiöskur sem bergmáluðu á samfélagsmiðlum. Óperusöngvarinn Guðbjörn Guðbjörnsson, einhver frægasti tollvörður landsins, tók meira að segja eina aríu á Facebook og vandaði Skúla Mogensen ekki kveðjurnar: „Fólk sem stendur að baki fyrirtæki er lætur flugfarþega kaupa farangur eða aðra þjónustu nokkrum klukkustundum fyrir brottför, þegar þeir vita að þeir eru ekki að fara að fljúga, er auðvitað ekkert annað en ótíndir glæpamenn,“ sagði tollarinn syngjandi og afgreiddi flugfélagið sem „Nígeríusvindl“.

**Skattsvikaskjól**
Þvinguð uppgjöf hins síbjartsýna Skúla Mogensen og fjölmiðlaathyglin sem hún fékk á heimsvísu í gær ítrekaði hið fornkveðna að eins dauði er annars brauð, eða jafnvel skálkaskjól. Meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar harma þannig varla að frétt um að þeir hafi verið ákærðir fyrir meiriháttar skattalagabrot hafi skotið upp kollinum í fréttahringiðu gærdagsins sem öll hverfðist um WOW. Hafi yfirleitt einhverjir tekið eftir þeirri frétt er hún sjálfsagt horfin í gleymskunnar dá nú þegar enda mun þögn Sigur Rósar tæplega rugla neina hagvísa eða fjármálaáætlun ríkisins.

thorarinn@frettabladid.is

# Framtíðarþjófnaður



Andrés Ingi Jónsson
þingmaður VG

Hún er sextán ára stelpa í Svíþjóð og segist ekki vera neitt sérstaklega félagslynd. Samt er hún búin að stofna fjöldahreyfingu. Þegar hún hóf upp raust sína á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Katowice í desember þögnuðu leiðtogar heimsins og hlustuðu á Gretu Thunberg saka þá um að stela framtíð barna þessa heims. Framtíðin er nefnilega ekki fjarlæg lengur – loftslagsvandinn snýst um framtíð Gretu og félaga hennar sem sitja á skólabekk í dag.

Og börnin lögðu líka við hlustir. Um allan heim tóku börn og ungmenni Gretu sér til fyrirmyndar og fóru í skólaverkfall.

Það er mikið rætt um loftslagsvandann, hvernig neysla mannfólksins er að eyðileggja jörðina og á stundum er umræðan svo yfirþyrmandi að manni fallast hendur.

**Margt hægt að gera**
Það má ekki gleyma því að það er margt sem hægt er að gera til að stoppa þessar breytingar af, margt sem hefur verið gert og margt sem verið er að gera.

Börnin eru búin að átta sig á því og hvetja stjórnvöld og fullorðna til dáða. Það er ábyrgð okkar fullorðnu að hlusta á börnin. Við verðum að hlusta á kröfur þeirra og áhyggjur og sýna að okkur er alvara.

Allt sem við gerum hefur einhverjar afleiðingar. Þó að það geti verið erfitt að breyta hinum ýmsu venjum – hvort sem um er að ræða flokkun á rusli, neyslu á mat og drykk eða fatakaup – þá er allt gerlegt og allt skiptir máli.

Krafan getur varla talist róttæk: að geta lifað á jörðinni. En að sama skapi getur verkefnið virst óyfirstíganlegt: að beinlínis bjarga heiminum.

Það kallar á róttækar breytingar og jafnvel kostnaðarsamar. En það á að vera hægt. Það verður að vera hægt. Fyrir börnin sem eiga framtíðina sem við megum ekki stela af þeim.

**Að sama skapi getur verkefnið virst óyfirstíganlegt: að beinlínis bjarga heiminum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Fjólubláir draumar

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Fréttir gærdagsins um gjaldþrot WOW air eru þess eðlis að margir hafa mjög sterkar skoðanir á því hvað hafi gerst, hvernig hefði verið hægt að koma í veg fyrir það og hvað þurfi að gera næst. Þetta er ekki skrýtið og slík umræða getur verið gagnleg. Gjaldþrot WOW er mikið alvörumál; afleiðingarnar eru miklar og djúpstæðar fyrir þúsundir manna og fjölda fyrirtækja. Ferðamannaiðnaðurinn á Íslandi verður fyrir þungu höggi og orðspor Íslands í ferðaheiminum bíður hnekki.

Það eykur eflaust á áfall starfsmannanna hversu mikil samstaða hefur ríkt innan fyrirtækisins og hversu mikið stolt og metnað starfsfólkið lagði í vinnuna sína.

Margt var augljóslega ákaflega vel gert í rekstri WOW. Vélarnar sjálfar, málaðar í hinum smekklega einkennislit félagsins, voru meðal þeirra fallegustu í flugflota heimsins þegar sólin glampaði á þær á flugbrautinni eða þær þutu gegnum loftin og svifu yfir Esjuna. Og jafnvel þótt WOW hafi ekki alltaf hlotið góða umsögn farþega þá varð ég að minnsta kosti aldrei var við annað en að algjör fagmennska ríkti um borð í vélunum; góð og skemmtileg stemning var oftast hjá áhöfnunum sem hafði smitandi áhrif á farþegana. Það eiga eflaust margir fleiri en ég eftir að minnast með söknuði þessa ævintýris sem lauk í gær.

### Vöxtur eða gróði

Þótt það sé hættuspil fyrir utanaðkomandi að koma sér upp of sterkum skoðunum á flókinni atburðarás þá virðist nærtækast að draga þá ályktun að áhersla á of hraðan vöxt hafi ráðið miklu um afdrif fyrirtækisins. Hið ofurlága verð sem stundum var í boði benti til þess að félagið hygðist borga rekstrarskuldir gærdagsins með aukinni veltu morgundagsins en ekki raunverulegri arðsemi af rekstrinum.

Forstjórinn hefur sjálfur lagt áherslu á að ófarirnar megi að miklu leyti rekja annars vegar til þess að félagið hafi vikið of langt frá upprunalegri stefnumörkun lággjaldaflugfélags með því að flækja þjónustuframboðið um of; og hins vegar til þeirrar ákvörðunar að taka breiðþotur inn í flotann. Það er engin ástæða til að draga í efa þessar skýringar og þótt margir séu eflaust reiðir Skúla Mogensen fyrir hvernig þetta fór allt saman þá hefur hann virst býsna heiðarlegur í framkomu sinni og gengist við því sem honum sýnist hafa mistekist. Þar að auki segist hann hafa lagt aleiguna undir í rekstrinum og ef það reynist rétt þá verður hann ekki sakaður um hræsni heldur aðeins óhóflega bjartsýni.

Það er reginmunur á þeim skipstjórum sem yfirgefa allra síðastir sökkvandi skip og hinum sem lauma sér fyrstir frá borði.

### Umfang eða arður

Á undanförnum árum hefur ferðaþjónusta fest sig kirfilega í sessi sem umfangsmesta útflutningsgrein þjóðarinnar. Vöxtur WOW er að einhverju leyti afleiðing og að einhverju leyti orsök þeirrar þróunar. Þegar atvinnuvegir vaxa hratt er erfitt að greina með vissu víxlverkun áhrifaþátta. Það virðist þó tiltölulega óhætt að álykta að hinn hraði vöxtur ferðamannaiðnaðarins hafi náð að fela ýmsar viðkvæmar brotalamir í rekstri ferðaþjónustufyrirtækjanna. Kapphlaupið um aukna veltu bitnar á því sem allur rekstur verður fyrr eða síðar að beina augum að—almennilegri arðsemi af starfseminni.

Það hlýtur eiginlega að segja sig sjálft að það sé ekki góðs viti fyrir arðsemi flugfélags þegar sæti í millilandaflugi eru boðin til sölu á verði sem er sambærilegt við að fara einn út að borða á sæmilegum veitingastað en neita sér þó um bæði vín og eftirrétt. Þessi áhersla á vöxt umfram arðsemi virðist ekki hafa verið einsdæmi í ferðageiranum og þótt umfang ferðamennskunnar sé óumdeilt þá er erfiðara að leggja mat á hvort, og þá í hversu miklum mæli, þessi veltumikla grein skilar raunverulegri arðsemi. Ef atvinnugrein er umfangsmikil en ekki arðsöm þá er verið að beina kröftum og fjármagni í rangan farveg. Sé þetta reyndin með ferðamennsku á Íslandi um þessar mundir þá er aðlögun og endurstilling óhjákvæmileg og nauðsynleg.

### Að mistakast eða gera mistök

Körfuboltaþjálfari sem verður vitni að því að leikmaður hittir ekki úr skynsamlegu skoti skammast ekki yfir niðurstöðunni en sá sem horfir upp á leikmann grísast til að hitta úr heimskulegu skoti ætti með réttu ekki að fagna niðurstöðunni heldur gagnrýna tilraunina.

Burtséð frá því hverjar eru raunverulegar ástæður falls WOW, þá er ákaflega brýnt að í umræðum um efnahagsmál sé gerður greinarmunur á því þegar hlutir mistakast eða þegar það voru mistök að reyna þá. Hagkerfi þar sem misheppnaðar tilraunir eru tortryggðar og jafnvel gerðar glæpsamlegar geta ekki fóstrað nýsköpun og munu missa af mikilli verðmætasköpun.

Gjaldþrot WOW er nefnilega ekki endilega sönnun þess að hugmyndin hafi verið slæm heldur einungis að hún hafi misheppnast í þessari atrennu. Við uppbygginguna félagsins varð til mikil og verðmæt þekking sem ætti með réttu að nýtast sem veganesti í nýjar tilraunir og ný ævintýri—sem munu sum enda vel en önnur ekki.

Og það er líka mjög mikilvægt í umræðu um atvinnulíf að ólund í gerð hagnaðar og velgengni nái ekki algjörlega yfirhöndinni. Það er nefnilega vandlifað fyrir frumkvöðla og brautryðjendur ef þeir eru gagnrýndir og jafnvel úthrópaðir hvort sem reksturinn hjá þeim fuðrar upp í rjúkandi rústir eða skilar þeim myndarlegum hagnaði og jafnvel auðæfum.

### Næsta ævintýri

Vonandi er þess ekki langt að bíða að ný tilraun verði gerð til þess að byggja upp flugfélag eins og WOW air á Íslandi. Auðvitað verður það ekki nákvæmlega eins og vitaskuld hlýtur margvíslegur lærdómur að vera dreginn af því sem kom í veg fyrir að þessi tilraun gengi upp.

Heilbrigð samkeppni og endurnýjun er öllum til gagns nema þeim sem komast í óeðlilega einokunarstöðu. Fyrir alla aðra er samkeppnin mikilsverð jafnvel þótt í henni felist óvissa og stundum tímabundin áföll; jafnvel mjög stór eins og nú blasir við. Viðbrögð við gjaldþroti WOW mega því alls ekki vera á þá leið að draga úr tækifærum annarra aðila til þess að starfa á þessum markaði og veita samkeppni í verði, áfangastöðum og þjónustugæðum.

# Íslenska, skólamálið okkar



Kristján Jóhann Jónsson
dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

**Við eigum kraftmikið, fallegt og dýrmætt tungumál sem við þurfum að fylgja inn í nýjan tíma og sjá til þess að fylgi okkur inn í framtíðina.**

Mikilvæg ráðstefna um íslenskukennslu í skólum landsins verður haldin í Hörpu 1. apríl. Þú ert vonandi búin(n) að skrá þig. Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir ráðstefnunni ásamt Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Vonandi hittast þar allir þeir sem hlynntir eru íslenskri tungu og menningu og vilja hag hennar sem mestan.

Íslenskan er skólamálið okkar, skrifaði Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, nýlega í grein og minnti þar á mikilvægt atriði. Fyrir okkur sem á Íslandi búum og störfum er íslenska sú kennslutunga sem skilar til okkar þekkingu utan úr heimi, túlkar og kennir önnur tungumál, geymir hugsun okkar um tæknilegan og persónulegan vanda, orðar skilning okkar og gerir okkur kleift að ræða fortíð okkar og framtíð.

Íslenskan er að vísu ekki sérstök að þessu leyti, nema fyrir okkur sem hér búum. Fyrir okkur er hún hins vegar jafn mikilvæg og danska fyrir Dani, norska fyrir Norðmenn, færeyska fyrir Færeyinga og hollenska fyrir Hollendinga, svo ég láti nú duga að taka dæmi frá næstu nágrönnum. Tungumál þessara þjóða eru eins og okkar þjóðtunga farvegur fyrir þroska og þekkingaröflun barna og unglinga, aðgangur að menningu og sögu fjölskyldna og ástvina og geyma tilvísanir, menningu og skilning á umhverfinu. Það getur ekkert komið í staðinn fyrir þau svo vel sé.

Við þurfum að endurnýja hugsun okkar og umræðu um íslenska tungu og menningu. Við eigum kraftmikið, fallegt og dýrmætt tungumál sem við þurfum að fylgja inn í nýjan tíma og sjá til þess að fylgi okkur inn í framtíðina. Í því felst mikilvæg sérstaða okkar í heiminum. Það eru góð tíðindi að stjórnvöld skuli nú bretta upp ermar, boða til framsækinnar ráðstefnu og hafa í bígerð framhaldsumræður til að fylgja framkvæmdum eftir. Ráðstefnan Áfram íslenska – staða og framtíð íslenskukennslu í skólum landsins er spennandi tækifæri til þess að uppfæra viðhorfið til íslenskrar tungu. Hún er við hestaheilsu, skemmtileg, skapandi og einstök á sinn hátt. Hins vegar eru blikur á lofti og okkur er skylt að hlúa að því sem dýrmætt er í okkar samfélagi.

Láttu nútímann ekki sem vind um eyrun þjóta! Hittu okkur í Hörpu til að ræða stöðu íslensku í skólum landsins.

HB GRANDI

AÐALFUNDUR

**Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn í dag, 29. mars 2019, í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00. Fundurinn fer fram á íslensku.**

## Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.11 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins á þá leið að hluthafafundur skipi tilnefningarnefnd sem starfi sem undirnefnd stjórnar. Til bráðabirgða skipi stjórn fyrstu tilnefningarnefnd félagsins sem skuli hefja störf ekki síðar en 6 mánuðum fyrir næsta aðalfund félagsins.
4. Önnur mál.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

a) veitt öðrum skriflegt umboð.
b) greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu, form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

**Aðrar upplýsingar**

Dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins á venjulegum skrifstofutíma.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, **www.hbgrandi.is**

**Stjórn HB Granda hf.**

Tilboð gilda út 31. mars




15% afsláttur

## Smash Style hamborgarar

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
|---|---|---|---|
| 450 kr/pk | 501 kr/pk | 552 kr/pk | 1.104 kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 589 | Verð áður 649 | Verð áður 1.299 |




**Hagkaups beikonsulta á hamborgarann eða pizzuna**

649 kr/stk




**Sósur sem gera góðan borgara betri**

349 kr/stk



**Snowdonia cheddar Margverðlaunaðir ostar frá Wales**

verð frá 699 kr/stk




20% afsláttur

**Grandiosa pizzur eru matarmiklar og bragðgóðar**

verð frá 559 kr/stk
Verð áður 699 kr/stk




**Collab**
**Sykurlaus kolsýrður drykkur með amínósýrum, koffíni, vítamínum & Kollagen**

249 kr/stk




**Cheetos Puffs**

679 kr/pk

# Meira úrval



100% HREIN AFURÐ




**Íslandssósur**
**Rjóma sveppasósa og piparosta rjómasósa**

**539** kr/stk

15% afsláttur

Holta

**Heill kjúklingur**

**764** kr/kg
Verð áður899 kr/kg




**Strong Roots**
**Hvítlauksristaðar sætar kartöflur**

**749** kr/pk



15% afsláttur

100% HREIN AFURÐ

**Kjúklingabringur**

**2.039** kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg



20% afsláttur

100% HREIN AFURÐ

**Kjúklingalæri með legg**

**799** kr/kg
Verð áður 999 kr/kg



30% afsláttur

**Nauta ribeye**

**3.499** kr/kg
Verð áður 4.999 kr/kg

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

# Árbæingar vinna að stofnun rafíþróttadeildar innan Fylkis

Árbæingar eru að vinna í stofnun rafíþróttadeildar innan Fylkis. Með því yrði Fylkir fyrsta íþróttafélagið sem stofnar sérstaka rafíþróttadeild. Markmiðið er að hún hefji störf á næstu mánuðum og veiti fólki sem spilar tölvuleiki vettvang til að spila saman, að sögn Björns Gíslasonar, stjórnarformanns Fylkis.




**Keppt var í rafíþróttum á Reykjavíkurleikunum fyrr á þessu ári. Keppt var í Fortnite, Counter-Strike og League of Legends í Laugardalshöll og fékk almenningur að fylgjast með bestu spilurum landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**RAFÍÞRÓTTIR** Íþróttafélagið Fylkir vinnur þessa dagana að því að setja upp rafíþróttadeild innan félagsins. Með því yrði Fylkir fyrsta íslenska íþróttafélagið sem kemur upp sérstakri rafíþróttadeild innan félagsins. Fyrir er Fylkir með knattspyrnudeild, handboltadeild, blakdeild, fimleikadeild og karatedeild og er markmiðið að rafíþróttadeildin verði komin á laggirnar næsta haust.

Björn Gíslason, formaður aðalstjórnar Fylkis, segir að hugmyndin eigi ekki langan aðdraganda en að stjórn Fylkis sé spennt fyrir þessu verkefni.

„Þetta er allt saman í undirbúningi en við vonumst til þess að starfsemin verði komin á fullt í síðasta lagi í haust. Við erum í sambandi við Rafíþróttasamtök Íslands við að koma fótum undir deildina þegar kemur að þjálfun og að setja upp aðstöðu. Það er verið að taka saman kostnaðaráætlun þar sem við þurfum að setja upp aðstöðu til að iðka rafíþróttir,“ segir Björn og heldur áfram:

„Markmið okkar er að koma upp aðstöðu í Fylkisselinu þar sem við erum með fimleika og karate.“

Fordæmi eru fyrir því að íþróttalið erlendis séu með rafíþróttalið á sínum snærum. FC Kaupmannahöfn keypti á síðasta ári eitt af stærstu rafíþróttaliðum Danmerkur.

„Stjórnin heillaðist af þessu, sérstaklega þegar við sjáum þróunina í þessum geira í Danmörku. Það er hröð þróun í þessum bransa, ég sótti ráðstefnu í Danmörku á dögunum þar sem ég heillaðist af þessum hugmyndum.“

Ekki er vitað til þess að fleiri lið séu að stofna rafíþróttadeild.

„Ég hef heyrt af áhuga en veit ekki af öðrum félögum sem eru að stofna deild. Innan ÍTR er hins vegar áhugi á að koma að þessu. Það eru margir sem einangrast við tölvuleikjaspilun en þetta er leið til að sameina þessa hópa. Með því fá krakkar tækifæri til að spila með jafnöldrum sínum sem deila þessu áhugamáli. Okkar hugmynd er að það verði hreyfing innifalin, hver sem það verður, og að þetta verði unnið í samstarfi við frístundamiðstöðvarnar. Það verður ekki bara setið við tölvuna allan daginn.“

> **Þetta er allt saman í undirbúningi en við vonumst eftir því að starfsemin verði komin á fullt í síðasta lagi í haust.**
>
> Björn Gíslason

Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtaka Íslands, tekur því fagnandi að íslensk félög séu farin að skoða þennan möguleika.

„Við finnum fyrir mun meiri áhuga eftir Reykjavíkurleikana á öllum stigum samfélagsins. Ég hef rætt við fulltrúa annarra íþróttafélaga á Íslandi en Fylkir er komið hvað lengst í þessu. Okkar markmið er að skapa jákvætt umhverfi fyrir þá sem kjósa að spila tölvuleiki eins og í öðrum íþróttum. Með þessu sköpum við vettvang fyrir þá sem vilja koma saman og rækta þetta áhugamál.“ **kristinnpall@frettabladid.is**






# Ole Gunnar við stýrið í Manchester næstu árin

**FÓTBOLTI** Manchester United tilkynnti í gær að félagið hefði samið við Norðmanninn Ole Gunnar Solskjær um að stýra karlaliði félagsins í knattspyrnu næstu þrjú árin.

Ole Gunnar var ráðinn sem bráðabirgðastjóri hjá liðinu eftir að José Mourinho var sagt upp störfum í desember síðastliðnum.

Undir hans stjórn hefur liðið haft betur í 14 af þeim 19 leikjum sem hann hefur stýrt og er komið í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu þar sem liðið mætir Barcelona og situr í fimmta sæti ensku úrvalsdeildarinnar tveimur stigum frá Meistaradeildarsæti.

„Þetta er það starf sem mig hefur ávallt dreymt um að sinna og ég er himinlifandi með að fá tækifæri til þess að koma félaginu aftur á þann stað þar sem það á heima, það er, í fremstu röð,“ segir Ole Gunnar í samtali við heimasíðu Manchester United eftir að ráðningin var opinberuð.

Manchester United mætir Watford í 31. umferð deildarinnar á Old Trafford á morgun. **– hó**



**Ole Gunnar Solskjær er kominn með draumastarfið til frambúðar.**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**
*Átta liða úrslit*

**Tindastóll - Þór Þ. 67-87**

**Tindastóll:** Danero Thomas 16, Brynjar Þór Björnsson 11, Dino Butorac 11, Pétur Rúnar Birgisson 10, Philip B. Alawoya 8, Helgi Rafn Viggósson 4, Friðrik Þór Stefánsson 3, Axel Kárason 2, Hannes Ingi Másson 2.
**Þór Þorlákshöfn:** Nikolas Tomsick 23, Kinu Rochford 17, Davíð Arnar Ágústsson 15, Ragnar Örn Bragason 13, Jaka Brodnik 13, Halldór Garðar Hermannsson 6.

*Staðan í einvígi liðanna er 2-1 fyrir Tindastól en liðin mætast í fjórða leik sínum í einvíginu í Þorlákshöfn á sunnudaginn kemur.*

**Keflavík - KR 64-85**

**Keflavík:** Michael Craion 26, Mindaugas Kacinas 13, Hörður Axel Vilhjálmsson 8, Gunnar Ólafsson 8, Reggie Dupree 3, Magnús Þ. Gunnarsson 3, Ágúst Orrason 3.
**KR:** Michele Christopher Di Nunno 24, Julian Boyd 20, Pavel Ermolinskij 12, Jón Arnór Stefánsson 11, Kristófer Acox 8, Helgi Már Magnússon 8, Björn Kristjánsson 2.

*KR vinnur einvígi liðanna 3-0 og er komið í undanúrslitin. Óvíst er hvaða liði KR-ingar mæta í undanúrslitunum.*

*Grindavík og Stjarnan og ÍR og Njarðvík mætast í fjórða leik sínum í kvöld. Staðan í þeim einvígjum er 2-1 í báðum tilvikum.*

# Kolbeinn að ræða við AIK

**FÓTBOLTI** Sænskir fjölmiðlar hafa greint frá því síðustu daga að framherjinn Kolbeinn Sigþórsson eigi í viðræðum við sænsk félög um að leika í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu á komandi keppnistímabili.

Fyrr í vikunni var Kolbeinn orðaður við Djurgården og Expressen greindi frá því í gær að Kolbeinn væri mögulega á leið til AIK sem er ríkjandi Svíþjóðarmeistari.

Kolbeinn er samningslaus eftir að hafa verið leystur undan samningi hjá franska félaginu Nantes á dögunum.

Kolbeinn hefur lítið spilað undanfarin tvö ár eftir að hafa lent í erfiðum meiðslum haustið 2016. Hann fékk 23 mínútur undir lok síðasta tímabils með Nantes og lék í tveimur æfingarleikjum og tveimur leikjum í Þjóðadeildinni með íslenska landsliðinu síðasta haust. **– kpt**

# Ólafía Þórunn hefur leik í dag

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, hefur í dag leik á öðru móti sínu á þessu ári en hún tekur þátt í móti í Symetra-mótaröðinni í Kaliforníu.

Ólafía tók síðast þátt í móti á Symetra-mótaröðinni sem haldið var í Charlotte í Bandaríkjunum í byrjun marsmánaðar.

Þar komst hún ekki áfram í gegnum niðurskurðinn en Ólafía er ekki með fullan keppnisrétt í LPGA-mótaröðinni á yfirstandandi keppnistímabili.

Hún getur hins vegar tryggt sér keppnisrétt í LPGA á næsta tímabili með því að standa sig vel á Symetra-mótaröðinni.

Tíu stigahæstu kylfingarnir á Symetra-stigalistanum fá fullan keppnisrétt á LPGA-mótaröðinni á næsta ári. **– hó**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 29. MARS 2019



Bjartur, Einar og Jóhann í Hörpu þar sem prufurnar verða. Áhugasamir geta skráð sig í prufu á skoppaogskritla@gmail.com. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leitin hafin að nýjum krúttlegum Zúmma

Drengirnir þrír, Bjartur, Einar og Jóhann, sem hafa leikið fjörálfinn Zúmma í ævintýrum Skoppu og Skrítlu, eru orðnir fullorðnir og svo hávaxnir að nú þarf að finna nýjan. Prufurnar verða á laugardaginn eftir viku í Hörpu. →2

ALLIR ÞURFA D-VÍTAMÍN Í VETUR




Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum verslana




EINN



TVEIR



OG ÞRÍR



SVEFNSÓFI MEÐ ÞYKKRI OG VANDAÐRI SPRINGDÝNU
GÓÐ RÚMFATAGEYMSLA
SVEFNFLÖTUR 150x200 cm
kr. 199.800

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu ➪

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Þær vinkonur Skoppa og Skrítla snúa loks aftur í leikhúsið en þær eiga 15 ára starfsafmæli í ár. Af því tilefni ganga þær til samstarfs við Hörpu og var samningur þess efnis undirritaður með pompi og prakt fyrir skömmu. Sýningin kallast Brot af því besta með Skoppu og Skrítlu! Þetta verða nánast leiknir barnatónleikar því vinkonurnar eiga orðið þvílíkt magn af lögum og börnin virðast kunna þau öll.

Fjórálfurinn Zúmmi, sem þeir Einar Karl, Jóhann Egill og Bjartur hafa leikið í gegnum tíðina, eru orðnir fullorðnir menn og því þarf að finna nýjan Zúmma. Drengurinn þarf að vera á aldrinum 10-12 ára og ekki hærri en 160 sentimetrar. Áhugasamir strákar geta skráð sig í prufu á skoppaogskritla@gmail.com.

„Ég var í tvö ár sem Zúmmi," segir Einar Karl sem hóf vegferðina en hann lærir nú hagfræði í Háskóla Íslands. „Þegar maður var ungur og vissi ekki hvað maður ætti að gera varðandi athyglissýkina þá var þetta kjörið. Að fá að öskra og syngja og dansa. Maður var mikið í íþróttum og stundum var handboltinn bara ekki nóg, þá var fínt að vera með vinnu þar sem maður lék sér."

Einar fór síðar á fjalir leikhússins og dansaði og söng í Söngvaseið, Galdrakarlinum í Oz og síðast í Mama Mia! Þá ákvað hann að láta staðar numið. „Þá ákvað ég að hætta að vera Einar dansari og fara í hagfræðinám í Háskóla Íslands og nú er ég bara Einar hagfræðingur. Maður er með mikið af kynningum í hagfræði og Zúmma-hlutverkið hefur vissulega hjálpað mér. Maður las áður handrit en nú eru það skýrslur," segir hann og hlær.

Jóhann Egill lemur húðir í hljómsveitinni Karma Brigade sem hefur heldur betur látið að sér kveða að undanförnu. Hann lék einnig í Föngum sem sýndir voru á RÚV forðum daga og segir hlutverkið hafa smitað sig af því að koma fram. „Þetta var mjög gefandi og skemmtilegt starf. Ég var í fjögur ár sem Zúmmi. Var tvö ár að leika en svo minnkaði það eftir því sem teygðist úr manni. Það var saumaður nýr búningur – fram að því höfðum við Bjartur verið í búningnum sem Einar byrjaði í."




Skoppa og Skrítla eru 15 ára í ár og fagna því með því að ganga til samstarfs við Hörpu. Hér er Bjartur í hlutverki Zúmma.

> **Maður kynntist líka svo mörgu fólki. Ég man ekki eftir einum degi þar sem þetta var nálægt því að vera leiðinlegt.**
>
> Bjartur



Zúmmarnir þrír samankomnir, Bjartur, Jóhann Egill og Einar Karl.



Jóhann er nú í hinni frábæru hljómsveit Karma Brigade.



Bjartur viðurkennir að vestið og skórnir hafi verið ansi þröng undir lokin.

Bjartur, sem er sonur Hrefnu Hallgrímsdóttur, skapara Skoppu og Skrítlu, segir að það að hafa verið Zúmmi hafi svo sannarlega bætt lífið og hann líti til baka með bros á vör. „Þetta var virkilega skemmtilegur tími. Maður kynntist líka svo mörgu fólki. Ég man ekki eftir einum degi þar sem þetta var nálægt því að vera leiðinlegt. Ég vildi alltaf fara og hafa gaman," segir hann.

Jóhann bætir því við að hlutverkið hafi þroskað hann og hann finni hvað það sé auðvelt að tala fyrir framan annað fólk.

Hrefna bendir á að drengirnir hafi í raun bara verið börn þegar þeir byrjuðu að leika og þeim hafi því verið hrint út í djúpu laugina. „Þeir urðu bara að synda. Það er eitt að vera flottur í rullunni sinni, læra textann, danssporin og allt þetta, en svo er allt hitt í kringum Skoppu og Skrítlu spuni. Vonandi líta þeir til baka og rifja upp að þetta hafi verið ljúfar minningar," segir hún. Drengirnir kinka allir kolli.

Kjólar • Síðar skyrtur • Túnikur
Kr. 11.900.- Str. 40/42-56/58
Fleiri litir og munstur




Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


HVER ER
STÖÐIN ÞÍN?
LAMBHAGI · HOLTAGARÐAR · URÐARHVARF · FAXAFEN
TJARNAVELLIR · ÁSVALLALAUG · KÓPAVOGSLAUG · SALALAUG
LAMBHAGI
HOLTAGARÐAR
URÐARHVARF
FAXAFEN
TJARNAVELLIR
ÁSVALLALAUG
KÓPAVOGSLAUG
SALALAUG
REEBOKFITNESS.IS
Reebok
FITNESS
FYRIR ALLA | ENGIN BINDING

# Best að láta bara vaða

Sigurvegarar Músíktilrauna 2019 verða krýndir í næstu viku. Undanfarið ár hefur verið viðburðaríkt hjá sigurvegurum síðasta árs, Ateria frá Reykjavík, sem ætla að að fylgjast með keppninni í ár.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Undankvöld Músíktilrauna 2019 hefjast á morgun laugardag í Hörpu í Reykjavík. Næstu fjögur kvöld munu 35 listamenn stíga á svið og keppa um þátttöku í úrslitakvöldinu sem haldið verður laugardaginn 6. apríl. Undanfarið ár hefur verið annasamt og skemmtilegt hjá sigurvegurum síðasta árs, Ateria frá Reykjavík, en sveitina skipa systurnar Ása og Eir Ólafsdætur, og frænka þeirra Fönn Fannarsdóttir. „Síðan við unnum Músíktilraunir höfum við spilað á ýmsum tónlistarhátíðum, svo sem Iceland Airwaves, Secret Solstice, Aldrei fór ég suður og Innipúkanum,“ segir Ása gítar- og bassaleikari. „Við tókum einnig upp nokkur lög í stúdíói síðasta sumar en eigum eftir að vinna meira í þeim.“

## Kom á óvart

Sigurinn á síðasta ári kom þeim verulega á óvart, segir Eir, sem er söngkona sveitarinnar, auk þess sem hún leikur á selló, bassa og hljómborð. „Við vorum virkilega hissa og vissum eiginlega ekki hvað við áttum að gera þegar búið var að tilkynna sigurinn. Auðvitað vorum við mjög glaðar enda brostum við eins og hálfvitar uppi á sviðinu.“

Fönn, trommuleikari Ateria, segir þær hafa tekið þátt í Músíktilraunum upp á reynsluna en þær gerðu alls ekki ráð fyrir því að ná langt. „Við munum vel eftir stressinu baksviðs en gerðum samt okkar besta til að hafa það notalegt. Við tókum t.d. með okkur hraðsuðuketil, bolla og te á úrslitakvöldið, enda kom það sér vel þar sem við þurftum oft að bíða lengi.“

## Fjölbreyttur bakgrunnur

Þær segja helst hægt að líkja tónlist sveitarinnar við tilraunakennda rokktónlist. „Við höfum allar stundað klassískt hljóðfæranám sem hefur gagnast okkur mikið. Svo höfum við hlustað á alls konar tónlist, t.d. rokk, kvikmyndatónlist, íslenska þjóðlagatónlist og indítónlist. Þessi tónlist hefur svo blandast saman við klassíkina og orðið að graut sem hefur fengið útrás í Ateria. Yfirleitt er það Ása sem þróar hugmyndir okkar að beinagrind af lagi og við setjum svo allar þrjár kjöt á beinin svo úr verði lag. Við stefnum á að eyða næstu mánuðum í að klára upptökur og kannski gefa út eitt lag. Einnig verður sumarið nýtt í að æfa okkur enn frekar og þróa tónlistina áfram.“

## Ein drekkur ekki kaffi

Þær stunda allar nám en utan skólans og hljómsveitarinnar sinna þær ýmsum áhugamálum. „Mér finnst gaman að mála, lesa, elda, taka myndir, fara í göngutúra og drekka kaffi. Svo finnst mér almennt gaman að stússast í hinu og þessu, en líka bara að gera ekki neitt,“ segir Ása.

Eir segist líka hafa gaman af lestri. „Auk þess skrifa ég, prjóna, fer í göngutúra og drekk te. Ég hef líka mikinn áhuga á ýmsum hlutum eins og norrænni goðafræði og tungumálum. Einnig hef ég stundað skylmingar og finnst það ferlega skemmtilegt.“

Fönn segist dugleg að heimsækja félagsmiðstöðina í hverfinu sínu þar sem hún hitti m.a. vini sína. „Ég æfi líka dans nokkrum sinnum í viku og hef gaman af því að lesa og hlusta á tónlist. Ólíkt systrunum er ég hvorki byrjuð að drekka te né kaffi.“

## Ekki ofhugsa hlutina

Aðspurðar um hvatningarorð til ungs fólks sem er að stíga sín fyrstu skref í tónlist og langar t.d. að taka þátt í Músíktilraunum, segjast þær eiga nokkur. „Við viljum helst hvetja ungt fólk til að láta bara vaða, ofhugsa ekki hlutina og hafa það í huga að það mun fyrst og fremst vera skemmtilegt að hafa tekið þátt í Músíktilraunum. Þetta fer nefnilega allt saman í reynslubankann.“

Að sjálfsögðu ætla þær að fylgjast með keppninni í ár. „Við munum fylgjast með keppninni næstu daga og erum auðvitað mjög spenntar að sjá hvernig hún fer fram og hvaða sveit stendur uppi sem sigurvegari í ár.“

Á Soundcloud síðu Músíktilrauna má hlusta á sýnishorn af lögum keppenda næstu daga og fylgja má stúlkunum úr Ateria eftir á Facebook og Instagram (@somosateria).



Sigurvegarar Músíktilrauna síðasta árs, Ateria, hafa nýtt undanfarið ár vel til tónleikahalds og við að semja ný lög. F.v. eru Fönn Fannarsdóttir, Ása Ólafsdóttir og Eir Ólafsdóttir. MYND/ÓLAFUR PÁLL JÓNSSON



Ateria spilaði á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður, á Ísafirði, um síðustu páska. MYND/ÓLAFUR PÁLL JÓNSSON



Sveitin hefur leikið víða undanfarið ár, m.a. á tónleikum á Loft hosteli í fyrra. MYND/FREYJA FANNARSDÓTTIR

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 2. apríl næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:
Atli Bergmann • atli@frettabladid.is • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Öpp & smáforrit

**Kynningar:**
Íslensk getspá, Icelandic Coupons, Leggja, Netgíró, Domino's, Stokkur, Strætó, Wapp, Lærum og leikum.

FÖSTUDAGUR 29. MARS 2019



## Notkun smáforrita auðgar leikskólastarf

Smáforrit bjóða upp á fjölbreytta möguleika í kennslu barna og eru góð viðbót við annað námsefni, samkvæmt upplýsingatækni- og sérkennslukennara í leikskólanum Álfaheiði. →2

NORDICPHOTOS/GETTY



**Fjóla, upplýsingatækni- og sérkennslukennari, segir sorglegt hve lítið fjármagn stjórnvöld setji í framleiðslu smáforrita á íslensku fyrir yngstu börnin hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Framhald af forsíðu**

Fjóla Þorvaldsdóttir starfar við upplýsingatækni- og sérkennslu í leikskólanum Álfaheiði í Kópavogi og heldur úti vefnum Fikt (fikt.kopavogur.is), námsvef um upplýsingatækni fyrir kennara í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla. Hún hefur áratuga reynslu af innleiðingu á upplýsingatækni í leikskólastarfi og hefur tekið þátt í margs konar þróunarverkefnum, Evrópuverkefnum, rannsóknum og fleira.

Fjóla segir notkun smáforrita í spjaldtölvum hafa auðgað leikskólastarfið heilmikið og að þau bjóði upp á ýmsa spennandi möguleika. Hún segir það samt mikilvægt að vita hvert markmiðið með notkun smáforritanna sé áður en hafist sé handa, til að hægt sé að vinna markvisst.

## Smáforrit sem Fjóla mælir sérstaklega með:

- Lærum og leikum með hljóðin
- Froskaleikur
- Orðagull
- Chatter Pix Kids
- Bitsboard Pro
- Book Creator
- Puppet Pals
- StopMotion
- ScratchJr
- Box Island
- Code Karts

### Jákvæðar niðurstöður rannsókna

„Allar rannsóknir sem hafa verið gerðar á spjaldtölvunotkun í leikskólum sýna jákvæðan árangur,“ segir Fjóla. „Til dæmis var einkar athyglisverð rannsókn framkvæmd í leikskóla í Svíþjóð skólaárið 2015-2016 sem leiddi í ljós að notkun spjaldtölva hefði jákvæð áhrif á samvinnu, samskipti og málþroska barnanna. Það var talið til marks um að leggja ætti áherslu á að nýta þær sem mest sem námstæki í leikskólum.“

Leikskólinn Krógaból á Akureyri komst að svipaðri niðurstöðu. „Þar stuðlaði notkun smáforrita að uppgötvun og hafði tengingu við læsi,“ segir Fjóla. „Börnin voru líka fljót að sjá möguleika í verkefnavinnu, tileinkuðu sér vinnubrögðin hratt og voru dugleg að taka þátt.

Sérkennarar eru sammála um að spjaldtölvur bjóði fjölbreytta möguleika í vinnu með börnum og aukna möguleika á einstaklingsmiðun í námi,“ segir Fjóla. „Spjaldtölvur virka líka mjög hvetjandi á börn sem áður var erfitt að ná samvinnu við.

Notkun spjaldtölva í leikskólum hefur skilað fjölbreyttu og öflugu skapandi skólastarfi og það skiptir miklu að börn fái tækifæri til að læra á upplýsingatæknina í gegnum leik,“ segir Fjóla. „Þau eiga auðvelt með að læra á smáforritin og tileinka sér þau og spjaldtölvur auðvelda þeim til mikilla muna að koma sköpun sinni á framfæri. Þessir nýju og aðgengilegu notkunarmöguleikar gera þessa nýju tækni svo spennandi.“

### Íslenskur málþroski minni en áður

„Snjalltæki eru góð viðbót við annað námsefni sem leikskólinn hefur upp á að bjóða og tækin eru nýtt á skapandi hátt í leikskólum, helst í tengslum við þemavinnu, tónlist og myndsköpun,“ segir Fjóla. „Það er mikilvægt að ung börn noti tækin ekki eingöngu til afþreyingar, heldur læri þau að nýta þennan búnað sem verkfæri og námstæki. Þannig má minnka áhrifin sem enskt málumhverfi í smáforritum hefur á málþroska ungra barna hér á landi, efla þroska þeirra og málnotkun og bæta námshæfni.

Það má segja að helsta hindrunin í notkun smáforrita hér á landi sé íslenskan, því við leikskólakennarar viljum helst ekki nota smáforrit þar sem enska eða önnur tungumál eru ríkjandi,“ segir Fjóla. „Það er sorglegt hversu lítið fjármagn stjórnvöld setja í að þýða eða framleiða smáforrit á íslensku fyrir allra yngstu börnin hér á landi, því 58% barna eru byrjuð að nota tölvur og snjalltæki tveggja ára og yngri. Þetta verður að laga, því við finnum það í leikskólanum að íslenskur málþroski þeirra er ekki sá sami og áður. Þau þekkja til dæmis litina, bókstafina og tölustafina betur á ensku.“



**Allar rannsóknir sem hafa verið gerðar á spjaldtölvunotkun í leikskólum sýna jákvæð áhrif.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Lítil tækifæri til starfsþróunar

„Tæknin getur ýtt undir sköpunarkraft, forvitni, tjáningu og fróðleiksfýsn barnanna og með uppbyggilegri og markvissri tækninotkun er hægt að búa börnin undir þátttöku í tæknivæddu samfélagi,“ segir hún. „En það verður ekki innleiðing á spjaldtölvum og öðrum tæknibúnaði til kennslu ef starfsfólk leikskóla fær ekki tækifæri til þess að læra á tæknina og hvernig er hægt að nýta hana í kennslu ungra barna.

Það er mikill skortur á möguleikum til starfsþróunar meðal starfsmanna leikskóla og það litla sem boðið er upp á hefur starfsfólk oft ekki möguleika á að sækja vegna manneklu og langs vinnutíma,“ segir Fjóla. „Leikskólarnir hér á landi hafa lengstan viðverutíma barna, lengstan opnunartíma og flesta starfsdaga á ári í Evrópu. Leikskólakennarar eru líka eina kennarastéttin hér á landi sem hefur ekki skilgreindan tíma til starfsþróunar.“

### Mikilvægt að vera markviss

„Árangursrík notkun á stafrænni tækni í skólastarfi snýst ekki um að hafa sem flest smáforrit, heldur að einbeita sér að námi barnanna og hvert markmiðið með notkun smáforritanna er,“ segir Fjóla. „Kennarar þurfa að ákveða það fyrst og skoða svo hvort þeir finni smáforrit sem geti gagnast barninu við að ná settu markmiði. Fleiri smáforrit leiða ekki sjálfkrafa til meira eða betra náms eða kennslu. Með því að hlaupa á eftir verkfærum og spyrja okkur svo til hvers mætti nota þau byrjum við á öfugum enda. Á námsvefnum mínum Fikt bendi ég samt sem áður á fjölmörg forrit sem ég mæli með og kenni að nota nokkur þeirra.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# App ársins

Íslensku vefverðlaunin 2018




Landsbankaappið var valið app ársins á Íslensku vefverðlaununum. Í appinu hefur þú fullkomna yfirsýn yfir öll þín fjármál í símanum, hvar og hvenær sem er. Það tekur örfáar mínútur að gerast viðskiptavinur í appinu. Velkomin/n í viðskipti.

Google Play App Store

# Hanna öpp á 5 dögum

Stokkur Software er lítið fyrirtæki þar sem mörg vinsælustu öpp landsins verða til. Stokkur er leiðandi fyrirtæki í hönnun og þróun á öppum. Fyrirtækið er staðsett hér á landi og í Prag.

Raquelita Aguilar, framkvæmdastjóri hjá Stokki, segir að fyrirtækið sé leiðandi í apphönnun og -þróun en mikil sérþekking sé í fyrirtækinu. „Við ráðleggjum, hönnum og þróum öpp ásamt því að gera fallegar veflausnir. Við búum yfir gríðarlegri reynslu á þessu sviði og höfum varið miklum tíma í að viða að okkur þekkingu og komast á þennan stað,“ segir hún. „Í dag forritum við í það sem kallast „cross-platform“, lausn sem heitir FLUTTER og er bara einn kóðabasi. Þetta gefur okkur þá sérstöðu að við smíðum notendavæn öpp á minni þróunarkostnaði og styttri tíma en hér áður fyrr.

Við höfum þróað mörg af vinsælustu öppum á Íslandi eins og Domino's, Strætó, Aur, Einkaklúbbinn, Lottó, EVE Online, Leggja og Alfreð Atvinnuleit. Þetta er þó bara brot af því sem við höfum gert og er von á miklu fleiri öppum á næstu árum,“ segir Raquelita.

Hjá Stokki starfa núna tólf starfsmenn sem samanstanda af bakendaforriturum, vefforriturum, appforriturum, hönnuði og verkefnastjóra ásamt Raquelitu. „Margir sinna fleiru en einu hlutverki sem er mikill kostur fyrir okkur þar sem við erum ekki það mörg. „Full stack forritari“, eða forritari sem getur sinnt verkefnastjórnun, er mjög verðmætur starfskraftur að mínu mati,“ segir hún.



Raquelita Aguilar, framkvæmdastjóri hjá Stokki Software. MYND/STEFÁN

Skrifstofur Stokks eru á Skólavörðustíg og í Prag sem einn af eigendunum stýrir. „Við erum einnig í þessum töluðum orðum að byggja upp teymi í Mexíkó. Ástæðan fyrir Mexíkó er einfaldlega sú að hjá okkur starfaði mjög fær mexíkóskur forritari í tvö ár. Þegar hann flutti aftur heim ákváðum við að halda samstarfinu áfram og höfum við nú byggt upp teymi í kringum hann.

Það er stöðug vöruþróun í gangi, hvort sem um er að ræða nýsköpun, eða viðhaldsvinnu. Við erum að vinna núna að nokkrum mjög skemmtilegum verkefnum og erum nánast að verða fullbókuð út árið svo nú fer hver að verða síðastur að ná inn fyrir 2019,“ segir Raquelita og hlær.

„Við erum einnig að vinna að mjög skemmtilegu verkefni sem við eigum sjálf og getum ekki beðið eftir að kynna fyrir almennum markaði en því miður get ég ekki talað um það að svo stöddu. Við erum reyndar með nokkur svona „gælu“-verkefni í gangi sem við eigum sjálf. Þannig verkefni gera vinnuna enn skemmtilegri þar sem starfsfólkið fær að taka fullan þátt í ákvarðanatöku og hefur þannig sterk áhrif á útkomuna.“

*Er langt ferli að búa til app fyrir fyrirtæki?*

„Öpp eru mjög mismunandi eins og þau eru nú mörg en ef við tökum mið af flækjustigi verkefnisins þá getum við sagt að ferlið taki 3-9 mánuði og fer þessi tími mikið eftir því hvort bakendavirkni sé til staðar eða ekki. Það vita kannski ekki allir en mörg öpp eru „heimsk“ ef svo má að orði komast, þ.e.a.s. án bakendavirkni og gagnagrunns væru þau gagnslaus. Eitt lítið og krúttlegt app er oftar en ekki hluti af miklu stærra kerfi sem inniheldur bakenda, gagnagrunn og jafnvel vefsíðu til að stýra efni. Allir eru velkomnir til okkar sem hafa raunhæfa hugmynd og kröfur. Best er að bóka fund með okkur og senda á okkur smá samantekt um app-hugmyndina svo að það fáist sem mest út úr tímanum okkar saman.

Kúnnarnir okkar skiptast í tvo hópa. Í fyrri hópnum eru rótgróin fyrirtæki sem vilja betrumbæta þjónustustigið fyrir notendur sína með t.d. appi. Svo er það hinn hópurinn, sem er með hugmynd að appi sem hann vill að verði að veruleika en hann veit ekki hvar á að byrja eða hvernig. Í báðum tilfellum mælum við með því að taka svokallaðan Hönnunarsprett með okkur (e. Design Sprint) en í honum felst að þarfagreina og hanna, að hluta til, appið á einungis 5 dögum! Við höfum verið með þessa þjónustu í þriðja ár með ótrúlegum árangri. Nýjasta barnið okkar sem fæddist núna í febrúar, Lottó-appið, er einmitt afkoma Hönnunarspretts. Við upplifum oft að það séu einhverjir galdrar sem gerast í þessum hönnunarsprettum. Svo er alltaf jafn gaman að kynnast viðskiptavinum okkar á þennan hátt, það myndast sterkari viðskiptatengsl enda eru allir að fjárfesta tíma sinn í að skilja og greina vöruna ásamt því að skilja þarfir viðskiptavinar.“



Hönnunarsprettur (e. Design Sprint) felst í að þarfagreina og hanna, að hluta til, appið á einungis 5 dögum! Stokkur hefur verið með þessa þjónustu í á þriðja ár með ótrúlega góðum árangri, að því er Raquelita upplýsir.

# Frægir og öppin þeirra

Fræga fólkið hefur ekki látið sitt eftir liggja þegar kemur að því að hanna og gera öpp. Sum hafa gengið upp en önnur hafa floppað og sum fljóta um í vefverslunum án þess að þau séu uppfærð.

### Aðrir frægir sem hafa gert öpp

Ellen
Shaquille O'Neal
Snoop Dog
William Shatner
Katy Perry
Nicki Minaj
Britney Spears
Shakira
Jason Statham



### Taylor Swift Greeting Cards

App þar sem setningar sem Taylor Swift samdi og var töluvert vinsælt af aðdáendum hennar þó hún hafi svo tekið það úr búðum. Þeir sem voru ekki aðdáendur slepptu því að kíkja við enda hljómuðu lögin hennar í bakgrunni endalaust.

### Kim Kardashian's Hollywood

Appið hennar Kim snérist um karakterinn Willow Pape, og hæfileika hennar til að komast í flokk frægra frá núlli. Margir sögðu að saga Pape minnti töluvert á sögu höfundarins. Í desember sl. var tilkynnt að appið myndi brátt heyra sögunni til.

### Hanx Writer

Árið 2014 gerði Tom Hanks app ásamt Hitcents fyrirtækinu frá Kentucky. Appið er frekar einfalt og sýndi ást Hanks á gömlum ritvélum. Það leit út eins og gömul ritvél og hljómaði eins og gamla góða hljóðið þegar stafur var sleginn inn. Það sló í gegn og náði fyrsta sæti á Apple listanum í 16 löndum. Eini gallinn að það er aðeins til fyrir iPad.

STOKKUR
Sérfræðingar í öppum
Skólavörðustígur 11 stokkur@stokkur.is Sími. 519 7900


# Alls konar afsláttur af öllu

**Icelandic Coupons er aðeins ársgamalt app sem var tilnefnt sem app ársins fyrir árið 2018. Um 26 þúsund manns eru skráð í appið sem veitir afslætti um höfuðborgarsvæðið og á landsbyggðinni á mat, drykk og þjónustu.**



Inga Tinna sagði upp í Arion banka árið 2014 því hún vildi gera eitthvað sjálf. Lét hugann reika og hugmyndin fæddist í Icelandair-flugvél. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta byrjaði allt árið 2015 og átti þá að vera lítið gæluverkefni. Ég prentaði 1.500 eintök af bæklingi með afslætti fyrir ferðamenn en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar," segir Inga Tinna Sigurðardóttir sem stofnaði Icelandic Coupons sem kom í Android- og IOS-verslanir í fyrra. Appið var fljótt að slá í gegn og var tilnefnt sem app ársins í fyrra en verðlaunin voru veitt nú í febrúar. Þar keppti Inga Tinna við engin smá öpp. Landsbankann, sem vann, ON-hleðsluappið, TM og Umferðarmerkin. Í dag eru notendur um 26 þúsund talsins og fjölgar stöðugt.

„Þarna er alls konar af öllu. Í fyrra fór fólk á Íslandi að kveikja á perunni um appið því upphaflega var þetta hannað fyrir útlendinga en að sjálfsögðu geta Íslendingar notað það og það er á íslensku líka," segir Inga Tinna.

Hugmyndin kviknaði í flugvél Icelandair þar sem Inga Tinna vinnur sem flugfreyja. „Þegar bæklingurinn kom fyrst út árið 2015 var hann fljótur að klárast og það var ljóst að það var greinileg þörf fyrir svona hér á landi.

Það er mikið spurt um borð í vélunum hvar eigi að borða og hvað eigi að gera – sérstaklega í Ameríkuflugunum þar sem þessi menning er svo vinsæl. Ég byrjaði í 1.500 eintökum en í dag prentum við 60 þúsund eintök tvisvar á ári. Það voru fleiri og fleiri veitingastaðir og verslanir sem vildu komast í bæklinginn og á sama tíma jókst eftirspurnin eftir því að fá afslættina á rafrænu formi líka.

Það er stórt skref og kostnaðarsamt að búa til app en úr varð á síðasta ári. Þá kom út Icelandic Coupons appið sem innihélt alla afslætti úr bæklingnum sem kemur út á sumrin og veturna auk fjölda annarra afslátta. Bæklingurinn mun áfram koma út en allir afslættirnir eru jafnframt í appinu. Við erum alltaf að auka við afslætti og appið er meira lifandi en bæklingurinn sem er fastur í sínu formi."

Inga Tinna, sem lærði rekstrarverkfræði og vann í eignastýringu og vöruþróun í Arion banka um tíma sagði starfi sínu lausu árið 2014 því flugið heillaði. Og uppi í háloftunum fæddist hugmyndin sem á hug hennar allan þessa dagana. „Framtíðin er björt og það er von á fleiri stórum tíðindum. Við erum að þróast og það verða tíðindi von bráðar.

Stærsti kosturinn við appið er að meirihluti afslátta sem eru í boði gildir alla daga vikunnar. Líka föstudaga og laugardaga. Þegar ég var að byrja voru veitingamenn tregir til að veita afsláttina líka um helgar því það væri alltaf fullt hjá þeim. En fyrir ferðamenn, sem eru hér á landi, skiptir ekki máli hvaða dagur er. Þeir vilja njóta þessa að vera í fríi og njóta þess sem er í boði.




**„Það var mikill heiður að vera tilnefnd þó ég vissi alveg að maður ætti lítinn séns í stóru fyrirtækin en mömmuhjartað sló og auðvitað vonaði ég – hvað ef litli Davíð myndi sigra Golíat?" segir Inga Tinna.**

Til að njóta allra afslátta í appinu þarf að greiða árgjald upp á 1.200 krónur sem er ansi fljótt að skila sér enda margir magnaðir afslættir í boði. Vinsælasti afslátturinn er 30 prósent af Joe and the Juice.




**Icelandic Coupons var tilnefnt sem app ársins fyrir árið 2018. Í dag nota um 26 þúsund manns appið.**

Það er svo orðið sífellt vinsælla að ferðaskrifstofur og starfsmannafélög hafi samband og geri samninga við okkur til þess að geta veitt viðskiptavinum sínum og starfsfólki aðgang að appinu því að kostnaðarlausu. Þetta er útfært með aðgangskóðum sem við úthlutum aðilum háð fjölda."

Hún bendir á að þrátt fyrir að hafa byrjað að prenta bækling fyrir ferðamenn og vera komin með allt rafrænt sé ætlunin ekki að hætta að prenta. „Ég hélt að mögulega myndi appið leysa bæklinginn af hólmi að einhverju leyti, en það hefur ekki gerst. Þetta virðast vera tveir mismunandi markhópar. Það eru eldri ferðamenn sem vilja vera með eitthvað í höndunum á meðan yngra fólkið og Íslendingar vilja vera með þetta í appinu svo að ég mun halda áfram að prenta."

# Auðvelt líf með Strætó-appi

**40% farþega Strætó borga fargjaldið með Strætó-appinu. Appið hefur auðveldað farþegum lífið enda liðinn sá tími þegar fólk þurfti að eyða dýrmætum mínútum í að skrapa saman klinki.**



Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó, segir Strætó-appið afar vinsælt. MYND/STEFÁN

Strætó-appið kom fyrst til sögunnar árið 2013 og frá fyrstu tíð hefur það verið gríðarlega vinsælt. „Appið þótti mikil þjónustubót fyrir notendur og hlaut meðal annars Íslensku vefverðlaunin fyrir besta appið og var tilnefnt til Norrænu umhverfisverðlaunanna árið 2014,“ segir Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó, og greinir nánar frá því hvernig appið virkar.

„Appið er fyrst og fremst hugsað til að auðvelda farþegum Strætó lífið. Notendum er kleift að kaupa farmiða, skipuleggja ferðina sína, finna næstu biðstöð, fylgjast með vagninum sínum í rauntíma og fá tilkynningar um frávik á leiðum.“

## Í stöðugri þróun

Appið hefur tekið miklum breytingum frá því það var tekið fyrst í notkun fyrir sex árum. „Það er orðið þægilegra í notkun og nútímalegra. Margir notkunarmöguleikar hafa verið til staðar frá upphafi, eins og kaup á stökum farmiðum. Í gegnum tíðina hafa bæst við fleiri möguleikar, eins og áskriftin okkar þar sem þriðji hver mánuður er frír, en sú leið hefur notið mikilla vinsælda,“ segir Guðmundur. Hann segir appið í sífelldri þróun.

„Það er nauðsynlegt að vera sífellt að bæta þau tæki og tól sem við höfum til að þjónusta viðskiptavini okkar. Oft fáum við ábendingar frá notendum og þeir eru því mikilvægur hluti af þróunarferlinu.“

## Fylgst með ferðum strætó

Hvað er fólk ánægðast með í appinu?

> **Appið er fyrst og fremst hugsað til að auðvelda notendum Strætó lífið.**

„Það sem við höfum heyrt er að fólki finnist mjög gott að geta fylgst með vagninum sínum í rauntíma. Sú virkni eyðir óvissu og hjálpar fólki að meta hvenær tímabært sé að skokka út á biðstöð. Appið hefur einnig einfaldað kaup á stökum farmiðum til muna. Notendur þurfa ekki lengur að eyða dýrmætum mínútum í að skrapa saman klinki eða að leita uppi farmiða.“

## 12 þúsund daglegir notendur

Guðmundur segir strætóappið afar vinsælt. Því hafi til dæmis verið hlaðið niður hundrað þúsund sinnum bæði af Google Play Store og App Store.

Daglegir notendur appsins eru tólf þúsund. „Þá er appið orðið mest notaða greiðsluleiðin í dag, en um 40 prósent farþega Strætó greiða fargjaldið sitt með Strætó-appinu.“

## Ferðast frítt á gráum degi

Sífellt er reynt að uppfæra, þróa og bæta við nýjungum í appið. „Nýjasta hugmyndin er að bjóða fólki frían dagpassa á næsta „gráa degi“ þar sem loftmengun mælist yfir heilsuverndarmörkum. Á næsta gráa degi munu notendur appsins geta sótt sér dagpassa til að geta ferðast um borgina í strætó án endurgjalds,“ segir Guðmundur en þessi nýjung verður auglýst nánar síðar.

# App fyrir útivistarfólk

**Wapp inniheldur fjölbreyttar GPS-leiðarlýsingar um allt land ásamt ýmsum gagnlegum fróðleik.**


Einar Skúlason er framkvæmdastjóri Wapp – Walking app. MYND/ANTON BRINK

Wapp leiðsöguappið inniheldur fjölbreyttar GPS-leiðarlýsingar um allt land, leiðir fólk um svæði, dregur fram sérkenni þeirra í fræðslumolum og varpar ljósi á fegurðina í hinu lítt sýnilega til jafns við það sem er mest áberandi, segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Wapp – Walking app.

„Á göngum mínum og ferðalögum um landið undanfarin ár varð ég stöðugt var við mikla eftirspurn eftir gönguleiðum og öðrum ferðaleiðum frá innlendu og erlendu ferða- og útivistarfólki. Öll svæði landsins státa af fjölbreyttum gönguleiðum og því má segja að það sé bæði framboð og eftirspurn á þessum vettvangi. Vandamálið er hins vegar hvað upplýsingar eru oft takmarkaðar um gönguleiðirnar og lítt samræmdar um erfiðleikastig, vegalengd, hvernig á að komast á staðinn og fleira.“

## Tengist GPS símans

Úr varð að Einar þróaði leiðsöguappið Wapp, bæði á ensku og íslensku, sem inniheldur gönguleiðir um allt land auk fræðslu um náttúru, umhverfi og sögu. „Til að auka öryggi er 112-appið að hluta til inni í Wappinu. Þetta er „offline“ app og því þarf einungis að hlaða leiðinni niður á símann og svo er hún notuð óháð gagnasambandi því tengingin er við GPS-staðsetningarbúnað símans.“

## Öryggi mikilvægt

Markhópurinn innanlands er yfir 30.000 manns að sögn Einars og meðal erlendra ferðamanna er það vilji komast í gönguferðir eða einhvers konar útivist á hverju ári. „Flestir vilja öryggi, fara þar sem má fara, stuðla að náttúruvernd og vita eitthvað um svæðið. Þeir finna Wappið í gegnum upplýsingar á gististöðum, upplýsingamiðstöðvum, með leit á netinu og í gegnum Facebook.“

## Fjölgar leiðum

Í ár stefnir Einar að því að fjölga leiðarlýsingum úr 300 í 500, fjölga notendum í rúmlega 50.000 og fjölga um leið samstarfsaðilum. „Einnig er stefnan sett á að bæta inn upplýsingum um veður og færð og einnig að innleiða meiri möguleika á stýringu út frá náttúruvernd og öryggi. Á næstum þremur árum stefnum við auk þess á að setja upp Wapp í Færeyjum og á Suður-Grænlandi.“

Nánari upplýsingar má finna á www.wapp.is.








Leggja vann til UT-verðlauna í byrjun mars í flokknum Stafræn þjónusta 2018, en í þeim flokki voru tilnefndar lausnir sem þykja hafa skarað fram úr og einfaldað daglegt líf fólks. Daði segir verðlaunin hafa orðið þeim hjá Leggja hvatning til að gera enn betur. MYND/ANTON BRINK

# Aldrei aftur sekt með Leggja

**Leggja appið gerir fólki kleift að greiða í gjaldskyld bílastæði á einfaldan hátt í símanum. Það er mikill kostur að geta skráð sig í stæði í gegnum símann og þurfa ekki að ákveða tímann fyrirfram.**

Leggja á sér langa sögu en ellefu ár eru síðan fyrstu skrefin voru stigin í því að auðvelda fólki greiðslu í stöðumæla," segir Daði Heiðar Sigurþórsson, markaðsstjóri Leggja. „Þetta er týpísk nýsköpunarsaga um forritara sem vaknar á nýársdag 2008 og hringir í vin sinn með frábæra hugmynd sem þeir keyra í gang."

Öpp voru ekki orðin að veruleika á fyrstu árum Leggja og því fólst þjónustan í því að nýta símtöl og SMS. „Þegar öpp fóru að ryðja sér til rúms árið 2010 var sjálfsagt framhald að bæta þeirri lausn við þjónustuna og fór fyrsta útgáfa Leggja appsins í loftið það ár."

## Auðvelt og þægilegt

„Leggja gerir fólki kleift að greiða í gjaldskyld bílastæði á einfaldan hátt í símanum. Appið er í boði bæði fyrir Android- og iOS-síma og tekur örfáar mínútur að skrá sig í þjónustuna. Með Leggja appinu borgar þú bara fyrir þann tíma sem bílnum er lagt og þarft ekkert að pæla í stöðumælum eða stöðumælasektum, sem er kostur fyrir marga. Hægt er að bæta við eins mörgum bílum og fólk kýs og borga fyrir vini og vandamenn," lýsir Daði og bendir á að þar sem Ísland sé ekki beint veðursælasti staður í heimi sé einnig augljós kostur að geta klárað málið í gegnum símann í staðinn fyrir að norpa í röð fyrir framan stöðumæli í lárétti slyddu og slabbi.

## Nýtist víða vel

Hægt er að nota Leggja appið í miðbæ Reykjavíkur, Hörpu, við Háskóla Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Landspítalann. „Þó okkur finnist appið virka vel alls staðar, þá finnst okkur það virka alveg sérstaklega vel við Landspítalann. Spítalar eru staðir sem þú átt oft erfitt með að segja til fyrir fram hversu lengi þú ætlar að stoppa og ömurlegt að þurfa að vera að hafa áhyggjur af stöðumælasekt þegar inn er komið. Þess vegna förum við reglulega og kynnum appið fyrir utan Landspítalann og er fólk virkilega þakklátt þegar við bendum á betri lausn."




Appið er í boði bæði fyrir Android- og iOS-síma og tekur örfáar mínútur að skrá sig.

> Þó okkur finnist appið virka vel alls staðar, þá finnst okkur það virka alveg sérstaklega vel við Landspítalann.

## SMS-áminningar

Leggja býður upp á ýmsar sniðugar lausnir. Til dæmis geta notendur appsins fengið senda áminningu þegar bílnum hefur verið lagt í ákveðið langan tíma, sem er frábær kostur ef fólk gleymir að skrá bílinn úr stæði. Þannig verður ekki til óþarfa kostnaður.

## Líka fyrir fyrirtæki

Daði segir Leggja appið einnig henta fyrirtækjum þar sem fólk þarf að vera mikið á ferðinni. Oft getur verið erfitt að halda utan um stöðumælagreiðslur starfsmanna en þar kemur Leggja sterkt inn. „Gjaldkerinn fær yfirlit yfir öll skipti sem starfsmenn hafa lagt bílum í stæði og ná þessar upplýsingar aftur í tímann. Hann fær einn reikning til greiðslu í hverjum mánuði í stað þess að þurfa að halda utan um margar greiðslur og það er mikill hægðarauki," segir Daði en yfir eitt þúsund fyrirtæki nýta sér lausnina í dag.

## Verðlaun á UTmessunni

Leggja vann til UT-verðlauna í byrjun mars í flokknum Stafræn þjónusta 2018, en í þeim flokki voru tilnefndar lausnir sem þykja hafa skarað fram úr og einfaldað daglegt líf fólks. „Það var okkur mikil hvatning enda frábært að fá jákvæða viðurkenningu."

## Alltaf að bæta þjónustu

Leggja appið er í stöðugri þróun, að sögn Daða. „Við fáum mikið af góðum ábendingum varðandi þjónustuna, bæði þar sem fólk er að lýsa varðandi ánægju með appið og líka varðandi hvað betur megi fara. Á dögunum bættum við til dæmis inn í appið virkni sem mikið hefur verið kallað eftir af einstaklingum sem af einhverjum sökum eru stundum ekki í stuði til að skrá bílinn í stæði þegar gjaldskylda hefst á morgnana. Nýja viðbótin leysir þetta og nú er hægt að skrá bílinn í stæði eftir kl. 19 kvöldinu áður og sofa út – við köllum þetta Djamm-fídusinn."

Daði segir Leggja appinu hafa verið mjög vel tekið. „Við verðum sérstaklega vör við jákvæð viðbrögð þegar við erum á ferðinni að kynna appið og fáum oftar en ekki að heyra setningar eins og: „Ég elska þetta app!" og „Algjör life saver!"."

# Vinningur í gegnum appið



**Nýja Lottó appið er einstaklega auðvelt og þægilegt í notkun, segir Halldóra María Einarsdóttir, markaðsstjóri Íslenskrar getspár.** MYND/STEFÁN

Með nýja Lottó appinu tekur aðeins nokkrar sekúndur að spila með. Í vikunni kom 2. vinningur í Vikinglotto til Íslands á miða sem keyptur var í gegnum appið.

Heppinn Lottóspilari vann rúmlega 31,4 milljónir í Vikinglotto í vikunni eftir að hafa keypt sér miða með nýja Lottó appinu. Appið kom á markað í febrúar en með tilkomu þess er spilun Lottó gerð enn auðveldari, segir Halldóra María Einarsdóttir, markaðsstjóri Íslenskrar getspár. „Með því að sækja Lottó appið, og skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, geta notendur keypt miða og áskriftir í Lottó, Vikinglotto og EuroJackpot á aðeins nokkrum sekúndum. Það gerist ekki mikið einfaldara.“

### Miðinn á öruggum stað

Hún segir að það megi skipta lottóspilurum nánast í tvær gerðir. Annars vegar hópinn sem vill fara á sölustað og kaupa sinn miða og halda á honum í hendinni og hins vegar þann sem vill hafa miðann sinn á góðum stað í símanum sínum eða á netinu. „Með því að spila í gegnum appið getur viðkomandi séð strax hvort hann hafi unnið. Miðinn er á öruggum stað og engin leið að missa af vinningum, stórum sem smáum. Við auglýstum t.d. nýlega eftir vinningshafa sem hafði unnið tugi milljóna síðasta sumar en ekki enn gefið sig fram. Sem betur fer er búið að hafa samband við okkur og vinningshafinn væntanlegur til okkar með miðann góða,“ segir Halldóra María.



**Með tilkomu Lottó appsins hefur aldrei verið auðveldara að spila Lottó og það tekur enga stund.**

### Einfaldara og þægilegra

Hún segir að á undanförnum árum hafi æ fleiri kosið að kaupa Lottómiðana sína í gegnum snjalltæki á vef Íslenskrar getspár. „Því var farið af stað í það verkefni að þróa app sem hefur allar helstu aðgerðir og eru til staðar á heimasíðunni okkar en app viðmótið gerir kaupin auðvitað enn einfaldari og þægilegri fyrir viðskiptavini okkar. Þó er rétt að ítreka að líkt og í öllum leikjum okkar verða notendur að hafa náð 18 ára aldri til að geta stofnað aðgang.“

Í nýja Lottó appinu er hægt að kaupa staka miða, kerfismiða sem og áskriftarmiða í öllum Lottóleikjunum sem Íslensk getspá býður upp á. „Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Ungmennafélags Íslands. Með því að spila Lottó ertu að styrkja góð málefni um allt land.“

### Einfaldari innskráning

Hún segir að við þróun appsins hafi eitt af helstu markmiðum verið að einfalda innskráninguna. „Því er hægt að innskrá sig með fjögurra stafa PIN-númeri. Öryggið var svo aukið enn frekar með því að bjóða upp á rafræn skilríki í appinu.“

Að sögn Halldóru Maríu hafa viðtökurnar við nýja appinu verið virkilega góðar. „Það er aðeins mánuður síðan appið kom út og því má segja að það sé enn í þróun hjá okkur og mögulega frekari viðbætur væntanlegar. Við finnum fyrir miklum áhuga á sams konar appi fyrir Getraunaleikina okkar, Lengjuna og 1X2, og er sú vinna nú þegar hafin hjá okkur.“

Nánari upplýsingar má finna á www.lotto.is.

# Pítsa með einum smelli

Domino's-appið verður sífellt vinsælla hjá þeim sem panta pítsur. Þar eru engar raðir og hægt að panta og borga á örskömmum tíma. 40% viðskiptavina Domino's nota appið til að panta.

Appinu var strax mjög vel tekið þegar það fór í loftið 2012 enda förum við út í þróun á því vegna þess að við skynjuðum einlægan áhuga hjá viðskiptavinum okkar á slíkri lausn,“ segir Egill Þorsteinsson, þróunarstjóri stafrænna lausna hjá Domino's.

Á þessum tíma hafði aukist mjög að panta pítsur í gegnum vefsíðu fyrirtækisins og Egill segir þróun apps því hafa verið rökrétt framhald. Í dag koma 75 prósent af pöntunum í gegnum stafræna miðla. 40 prósent pantana koma beint í gegnum appið. „Við finnum fyrir stöðugum vexti en á síðasta ári voru rúmlega 116 þúsund notendur á appinu. Í síðasta mánuði einum og sér voru notendur rúmlega 41 þúsund.“

Egill segir viðskiptavini einna ánægðasta með hversu stuttan tíma tekur að ganga frá pöntun með appinu. „Fólk þarf ekki að hringja og lenda í röð heldur getur það pantað á eigin forsendum. Til dæmis er möguleiki að velja það sama og síðast sem margir nýta sér. Síðan er einnig hægt að ganga frá greiðslu í gegnum appið og svo getur fólk fylgst með ferlinu alla leið og séð hvort pítsan er í undirbúningi, komin í ofninn eða tilbúin.“

Stöðugt er leitað leiða til að bæta þjónustu og auka upplýsingaflæði til viðskiptavina. „Núna erum við að vinna að nýrri útgáfu af appinu sem fer vonandi í loftið á næstu vikum. Þar verður bætt við nýjum notkunarmöguleikum. Til dæmis verður boðið upp á fleiri tungumál og gerðar ýmsar minni lagfæringar viðskiptavinum okkar til hægðarauka.“

Meðal annarra nýjunga má nefna sjálfsafgreiðslulausnir sem finna má í þremur verslunum Domino's. „Með þeim leitumst við við að flýta enn meir fyrir afgreiðslu. Ef fólk hefur pantað á vefnum eða í appinu getur það komið á staðinn, og í stað þess að bíða í röð, farið í sjálfsafgreiðslustöðina. Þar slær fólk inn símanúmer, gengur frá greiðslu ef þarf, og sest svo niður í rólegheitum til að bíða eftir að pöntunin verði kölluð upp. Fólk er mjög ánægt með þetta fyrirkomulag,“ segir Egill.



**Domino's-appið er afar auðvelt í notkun og enga stund tekur að panta pítsu í gegnum það.**



Hlöðver Tómason, upplýsingatæknisérfræðingur hjá fjártæknifyrirtækinu Alva, móðurfyrirtæki Netgíró, segir Netgíró appið vera í stöðugri þróun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Einfalt og þægilegt app sem landinn þekkir og treystir

**Netgíró appið er eitt þekktasta greiðsluapp landsins enda eru viðskiptavinir Netgíró um 60 þúsund. Netgíró appið kom fyrst út 2014 og hefur vaxið hratt en örugglega síðan. Appið inniheldur einfaldar og skýrar aðgerðir til að fylgjast með stöðu og stjórna greiðslufyrirkomulagi.**

Neytendur bera mikið traust til okkar og við til þeirra. Við leggjum mikla áherslu á að vanda vel til verka við stýringar á útlánaheimildum og byggjum það á okkar eigin gögnum auk þess að sækja gögn annars staðar eins og til dæmis til Creditinfo. Í ljósi nýliðinna atburða má einnig nefna að ef viðskiptavinir hafa keypt þjónustu sem ekki er staðið við, eins og flugferðir, þá tryggir Netgíró endurgreiðslu kaupanna,“ segir Hlöðver Tómasson, upplýsingatæknisérfræðingur hjá fjártæknifyrirtækinu Alva, móðurfyrirtæki Netgíró. Flestir þekkja orðið Netgíró en með því er hægt að skilja veskið eftir heima og greiða fyrir vörur og þjónustu hjá yfir tvö þúsund fyrirtækjum.

Undirbúningur og þróun Netgíró hófst í ársbyrjun 2012 þegar stofnandi Netgíró, fjártæknifyrirtækið Alva, mótaði stefnu þess og hugmynd. Appið kom svo út tveimur árum síðar.

„Hópurinn fer sífellt stækkandi sem bæði sækir appið og notar það. Útsölustöðunum fjölgar sömuleiðis og fyrir jólin bættust til dæmis Samkaup-verslanirnar við, en þær eru um 60 víðsvegar um landið. Fyrirtækin sem bjóða upp á Netgíró eru jafn misjöfn og

> **Appið okkar er í stöðugri þróun í takt við þarfir notanda og öryggi framar öllu.**

þau eru mörg. Allt frá frá minni hárgreiðslustofum upp í stórar verslanakeðjur,“ segir Hlöðver.

Hann bendir á að ferlið til að koma í viðskipti við Netgíró sé einfalt og þægilegt fyrir fyrirtæki. Stórar sem smáar vefverslanir geta boðið upp á Netgíró nokkrum mínútum eftir að skrifað sé undir samning. „Það er í raun bara plug and play. Enn fremur styðjum við öll kassakerfi á landinu og því er einfalt að byrja að bjóða upp á Netgíró sama hvaða tækniumhverfi verslun er með. Hópurinn stækkar ört og aðeins tímaspursmál hvenær Netgíró verður alls staðar í boði.“

Hlöðver segir að öryggi skipti Netgíró gríðarlegu máli og hvergi sé til sparað þegar kemur að þeim efnum. „Það er númer eitt, tvö og þrjú. Þetta eru þannig upplýsingar að við getum hvergi slakað á í þeim efnum. Við leggjum enn fremur mikið upp úr því að viðskiptavinir upplifi hnökralausa þjónustu hvar og hvenær sem er.“

### Mánaðarleiðin

„Appið okkar er í stöðugri þróun í takt við þarfir notenda. Til að mynda höfum við nýverið byrjað að bjóða upp á svokallaðan Netgíró mánuð. Þá safnast öll kaup mánaðarins í einn reikning. Áður var það þannig að viðkomandi hafði 14 daga til að greiða vaxtalaust fyrir hver kaup, en núna safnast þetta saman, með góðri yfirsýn í appinu. Það er ennþá hægt að velja 14 daga leiðina en það eru mikil þægindi fólgin í að velja mánaðarreikning og einn greiðsluseðil. Svo er hægt að velja, ef það er stór mánuður eins og jól eða páskar, að dreifa greiðslum eftir hentugleika.“

Flestir sem nota Netgíró eru á aldrinum 25-45 ára. „Það er komin mikil og góð reynsla á Netgíró og hópurinn stækkar sem er að nota appið. Það er ekki mikið um að þeir sem eru hjá okkur hætti. Flestir, sem eru hjá okkur, eru þar því það er nútímalegt að geta greitt með símanum.“




## Netgíró

**60.000**
notendur

**2.620**
útsölustaðir

**55**
starfsmenn í 2 löndum

**120%**
vöxtur á milli ára

**25-45 ára**
er aldursbilið sem flestir notendur Netgíró eru á

**61,3%**
konur

**38,7%**
karlar

# Lærum og leikum með hljóðin og Froskaleikir

Undanfarin ár hefur Bryndís Guðmundsdóttir, kennari og talmeinafræðingur, gefið út þrettán smáforrit sem ætluð eru til að bæta orðaforða, framburð og málþroska barna.




Bryndís Guðmundsdóttir, kennari og talmeinafræðingur, ásamt kennaranum Halldóri Fannari Halldórssyni, sýna börnum á leikskólanum Ösp málhljóð í Lærum og leikum með hljóðin í appinu á skjánum. MYND/ERNIR

Bryndís Guðmundsdóttir, kennari og talmeinafræðingur, hefur starfað um árabil með börnum og fullorðnum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. Reynslu sína og faglegan bakgrunn nýtti hún svo til að þróa og gefa út íslenskt efni sem ætlað er að fræða foreldra og fagfólk um hvernig unnt er að bæta orðaforða og málþroska barna um leið og réttum framburði málhljóða er náð. Efnið sem ber heitið Lærum og leikum með hljóðin er ætlað leik- og grunnskólum og barnafjölskyldum. „Efnið byggir á bókum, spilum og öðru stuðningsefni, svo sem púslum, vinnusvuntum og borðmottum. Næst tók við þróun smáforrita fyrir iPhone og iPad sem hefur aukið möguleika efnisins enn frekar en samtals hef ég gefið út þrettán öpp sem öll byggja á íslenskri aðferðafræði. Froskaleikirnir þjálfa læsi sérstaklega.“

## Mikilvægt að nýta tæknina

Bryndís telur mikilvægt að vera með puttann á púlsinum og fylgjast vel með þróun í kennsluaðferðum. „Það er mikilvægt að nýta tæknina, m.a. til að ná til þeirra sem kjósa frekar gagnvirka nálgun. Það er svo mikilvægt að uppgötva málið og ævintýrin allt í kringum okkur í leik og nýta tæki og tól sem börn nota daglega, til að ná árangri í að undirbúa börn fyrir réttan framburð og læsi.“

Hún segir smáforritin vinna markvisst að því að undirbúa læsi og bæta mál- og lesskilning með auknum orðaforða hjá öllum börnum frá 2-8 ára. „Hægt er að nota smáforritin langt fram eftir aldri hjá þeim sem þurfa á því að halda og margir sem eru af erlendu bergi brotnir læra íslensku með smáforritunum.“ Nýjasta forritið er skimunarpróf fyrir framburð íslensku málhljóðanna sem ber heitið Íslenski málhljóðamælirinn.

## Fengið góða dóma

Að sögn Bryndísar hafa smáforritin fengið góða dóma og verið mælt með þeim af fagaðilum í Educational App Store. „Það er mjög ánægjulegt að sjá hversu góðar viðtökur þau hafa fengið hjá bæði börnum og fullorðnum. Foreldrar senda mér reglulega fréttir um framfarir í málþroska og framburði hljóða sem mér þykir afar vænt um. Börnin verða mjög fljótt læs með góðum undirbúningi og segja foreldrar mér gjarnan að nú skilji allir barn þeirra í fjölskyldunni og leikskólanum.“

Sjá nánar á laerumogleikum.is.





Með ON hleðsluappinu getur þú fundið næstu hlöðu hvar sem er á landinu, séð stöðuna á lausum tengjum og fylgst með orkunotkuninni.

**Sæktu appið, sæktu um ON lykilinn og vertu með stöðuna á hreinu.**

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Þjónustusími allan sólarhringinn: 591 2700 · www.on.is

on ORKA NÁTTÚRUNNAR




“Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.„

Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is




Doktor.is Ráðgjöf — Fræðsla — Forvarnir

# SÉRFRÆÐINGAR Í ÖPPUM

Við hjá Reon höfum undanfarin átta ár
verið bakhjarl margra af stærstu fyrirtækjum
landsins í stafrænum lausnum.



# App sem verðlaunar umhverfisvænni lífsstíl

The Changers CO2 fit appið gerir fyrirtækjum og bæjarfélögum kleift að hvetja starfsmenn eða íbúa sína til umhverfisvænni lífsstíls. Appið mælir kílómetra sem farnir eru með umhverfisvænum hætti og reiknar út hve mikið kolefni hafi verið sparað með því. Fyrirtæki eða bæjarfélög greiða fyrir appið og hvetja starfsmenn eða íbúa sína til að keppa sín á milli í því að spara sem mest kolefni. Svo er fólkið verðlaunuð þegar það hefur ferðast ákveðið langt gangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum.

Síðan fyrirtæki fengu aðgang að appinu í ársbyrjun 2016 hafa notendur þess, meðal annars starfsmenn BMP og Ernst & Young, sparað milljón kíló af $CO_2$ með því að nota umhverfisvænni samgöngur. Í staðinn hefur 1.463 trjám verið plantað í Þýskalandi þar sem það er mest notað.



**Fyrirtæki eða bæjarfélög greiða fyrir appið og hvetja starfsmenn eða íbúa sína til að keppa sín á milli í því að spara sem mest kolefni.**



## Allt um vínið



Vivino hjálpar við val á vínum. Hægt er að skanna inn merkimiða margvíslegra vína og fá upplýsingar um verð, umsagnir og dóma, ásamt ráðleggingum um hvaða matur passar með víninu. Vivino er með stóran gagnagrunn yfir vín, með yfir 10 milljónir tegunda, og skilar niðurstöðum á nokkrum sekúndum. Appið er ókeypis. Hægt er að senda inn eigin umsagnir og reynslu af vínum.

Umsagnir eru meira og minna allar jákvæðar, en engar umsagnir hafa borist eftir nýjustu uppfærslu á appinu.



**Nú er hægt að athuga hvort spegillinn passi hér eða þar. Hvort liturinn passi eða ekki og ýmislegt fleira.**

## Breyttu með símanum

Langar þig að breyta til heima en ert ekki alveg viss um hvaða litur passar best á veggnum eða hvort þú eigir að fá þér hornsófa? Með Homestyler Interior Design appinu tekurðu einfaldlega mynd með símanum af herbergi heima hjá þér og notar hana svo til að máta mismunandi liti á veggina, eða hvernig einhver ákveðinn stóll myndi passa inn hjá þér.

Þú þarft ekki að eyða óþarfa pening til að þróa innanhússhönnun heima hjá þér lengur. Architectural Digest hefur sagt að ekki sé hægt að lifa án þessa hönnunar-snjallsímaforrits.






Ertu á leið heim til að athuga hvað er til í kæliskápnum? Slepptu því vegna þess að nú geturðu gægst inn í kæliskápinn í snjallsímanum þínum. Home Connect-appið gerir þér nefnilega kleift að tengjast þráðlaust nýjum sérhönnuðum heimilistækjum frá Siemens á auðveldan og þægilegan hátt hvort sem þú ert í vinnunni, á ferðalagi eða situr í sófanum heima.

Með Home Connect-appinu eru Siemens heimilistækin aldrei lengra frá þér en snjallsíminn eða spjaldtölvan. Kveiktu á ofninum þegar þú ert á leiðinni heim, athugaðu hvort þvottavélin er búin að þvo eða fáðu dásamlegar uppskriftir að kvöldmatnum inni á recipeWorld.

Home Connect-appið er fyrir þig og aðra þá sem þrá lausnir sem einfalda lífið.

Heimilistækin þín í einu appi.

Home Connect

Siemens heimilistækin fást hjá Smith & Norland.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Það er hægt að fjarlægja háræðaskemmdirnar

## Við erum með lausnina fyrir þig

Snyrtistofan Hafblik hefur margra ára sérhæfingu í háræðaslitsmeðferðum. Við fjarlægjum úr andliti háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða. Yfirleitt þarf að fara þrisvar yfir sama meðferðarsvæðið til að loka fullkomlega skemmdu háræðunum. Mánuður er látinn líða milli meðferða.



**“SUPREME HOLLYWOOD-MEÐFERÐ” eða “NÁTTÚRULEG VIÐGERÐARMEÐFERÐ”**

Snyrtistofan Hafblik sérhæfir sig einnig í langtíma viðgerðarmeðferðum á andliti þar sem húð er markvisst byggð upp á náttúrulegan hátt án inngripa nála eða skurðhnífa. Starfsemi og frumuendurnýjun húðarinnar er stóraukin með háþróuðum byltingarkenndum viðgerðarkúr frá Bandaríkjunum þar sem stofnfrumuhvatar eru unnir djúpt ofan í húð með nýjustu hágæða örtækni.







**Fótaaðgerðastofan Fætur & vellíðan komin undir sama þak og Snyrtistofan Hafblik**

Við bjóðum Guðrúnu Svövu Gunnlaugsdóttur velkomna til okkar.
Tímapantanir í síma 868 9383



Fætur & vellíðan
868 9383

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

**Bókið fríann tíma í skoðun/viðtal**

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is



Rafskútur eru skemmtileg tæki.

## Rafskútur vinsælar

Rafstýrð hlaupahjól hafa verið vinsæl í Kaupmannahöfn en styrr hefur þó staðið um reglur er varða þau. Þrjú fyrirtæki sem hafa leigt slík hjól víða í borginni hafa ekki tilskilin leyfi til þess og var sett lögbann á þau þann 8. mars. Þau hafa tíma til 5. apríl til að finna lausn á málinu.

Hins vegar hefur verið gerður samningur við sveitarfélagið í Árósum um leigu á 150 slíkum hjólum sem margir eru ánægðir með. Hlaupahjólin verða sett upp á völdum stöðum í borginni kl. 7 að morgni og safnað saman aftur kl. 21 á kvöldin. Margir hafa efast um öryggi slíkri hjóla á meðan aðrir telja þau til bóta í þeirri viðleitni að fækka bifreiðum á götum. Það er auðvelt að tengja saman almenningssamgöngur með rafhjóli og setja þannig saman ferðalag sitt til og frá vinnu án þess að nota bílinn.

Um tíu manns hafa komið á bráðamóttöku í Kaupmannahöfn eftir slys á rafhlaupahjóli. Þótt rafhlaupahjól eða rafskútur, eins og farartækið er stundum kallað, séu vinsælar þá eru þetta dýr tæki. Rafhlaupahjólin hafa þó ekki hlotið náð fyrir augum yfirvalda í Köben.

Þess má geta að rafskútur eru leigðar út í tólf borgum í Evrópu. Það er sænskt fyrirtæki, Voi, sem gerði samning við sveitarfélagið í Árósum um leigu á rafdrifnum hlaupahjólum.




Nikolai prins er eftirsótt fyrirsæta.

## Prins á forsíðu

Nikolai prins í Danmörku er orðinn ein eftirsóttasta fyrirsæta í Evrópu. Nikolai er 19 ára sonur Jóakims prins og fyrrverandi konu hans, Alexöndru. Strákurinn þykir fríður og flottur en hann er númer sex í konunglegri erfðaröð. Hann skreytir forsíðu tímaritsins Vogue í Úkraínu sem kemur út í apríl. Nicolai hefur starfað sem fyrirsæta í eitt ár. Hann hefur gengið á sýningarpöllum fyrir Burberry á tískuviku í Lundúnum og fyrir Dior í París og Tókýó. Ljósmyndarinn Marco van Rijt tók myndina er prinsinn klæddist fatnaði frá Dior. Margar myndir eru inni í blaðinu þar sem prinsinn kynnir sumarlínu Dior fyrir 2019.

# Nýir þættir um Sex and the City

Fimmtán árum eftir að hinir vinsælu þættir Sex and the City hættu hefur höfundurinn Candace Bushnell nú skrifað framhald. Bókin heitir Is There Still Sex and the City og kemur í búðir í ágúst. Þegar hefur verið gert samkomulag á milli Candace, Paramount TV og Anonymous Content um að gera sjónvarpsþætti eftir bókinni. Candace verður handritshöfundur og meðframleiðandi.

**» Margir hafa beðið eftir framhaldinu sem nú er að verða að veruleika.**

Nýja bókin fjallar um kynlíf, ást, sambönd, hjónabönd og vinskap fólks yfir fimmtugt. Einnig fjallar hún um pressuna á konur að halda sér stöðugt ungum og fallegum. Sagan gerist í New York, eins og sú fyrri. Ekki hefur verið uppgefið hvaða leikarar munu verða í aðalhlutverkum í þáttunum né heldur hvort sömu skvísurnar og voru í Sex and the City komi aftur. Rætt hefur verið um framhald Sex and the City í nokkurn tíma og Sarah Jessica Parker og vinkonur hennar hafa ekki tekið fyrir þann möguleika.



Candace Bushnell mætti á afmælishátíð í New York í tilefni þess að Barbie varð sextug á dögunum.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*

NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI

*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.

Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



KÍNAHOFIÐ

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

Ljósboginn ehf.
Altenatorar & Startarar



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Sendibílaþjónusta

**SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.**
Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,
**Upplýsingar í síma:**
**Árni 661-3166**
**Ásgeir 869-3741**

## Pípulagnir

Lögg. Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Búslóðaflutningar

**JD FLUTNINGAR.**
Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vörufl.,búslóðafl.,sorpuf. og fl. S: 7868899 jdflutningar@jdflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar





# Ótrúleg verð – komdu og kíktu við!




**Sunlight T 58**
**Árgerðir 2016-2017.** Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling ofl.ofl.
**Ótrúlegt verð, frá: 6.490.000.**




**Sunlight T 64**
**Árgerð 2017.** Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control , snúningsstólar, loftkæling ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð : 8.490.000.**




**Sunlight T 68**
**Árgerð 2017.** Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gírar, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 9.390.000.**




**Dethleffs Trend A 6977**
**Árgerð 2015.** Glæsileg hápekja. Truma Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, rafdrifin trappa, stór sjálfvirkur ísskápur með sér frystihólfi, stór lest, hjólagrind.
**Ótrúlegt verð: 5.990.000.**




**LMC Breezer A 694 G**
**Árgerð 2015.** Trumatic Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, stór ísskápur, hjólagrind, markísa, stór geymsla undir rúmi með lestarlúgum beggja vegna, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling. **Ótrúlegt verð: 6.290.000.**




**VW Multivan Startline**
**Árgerð 2015.** Markísa m. hliðum, hjólagrind, útdraganleg geymsluskúffa, rúm, 220 V tengi, blindgluggatjöld fram í bíl, 2 kapteinstólar. Glæsilegt eintak.
**Ótrúlegt verð: 3.290.000.**




**LMC Breezer H 737 G**
**Árgerð 2017.** Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, bakkmyndavél o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 9.980.000.**




**Sunlight T 69 L**
**Árgerð 2017.** Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, fellirúm í toppi, hjónarúm með aðgengi báðum megin, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gírar, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. ofl. **Ótrúlegt verð: 9.290.000.**

Tilboð gilda meðan birgðir endast

**OPIÐ LAUGARDAGINN 30. MARS FRÁ 12-16**

P. KARLSSON EHF.

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

**P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200**
**www.pkarlsson.is**

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSFÉLÖG.**
Ástandsskoðun fasteigna

Framkvæmdaeftirlit

Ástandskoðun lagnakerfa

Rakavandamál

Verk og kostnaðaráætlun

**Þitt Val ehf**
**s 8448200**
**thittval@simnet.is**

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




# Keypt & Selt

## Til sölu




Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**




**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kjalarnes, Esjumelar

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. mars 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að rýmka heimildir fyrir iðnaðarstarfsemi með ákveðnum skilyrðum, á tiltekinni lóð á Esjumelum í samræmi við aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið sem er auglýst samhliða. Jafnframt er gert ráð fyrir lóð undir veitumannvirki við norðvesturenda svæðisins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 29. mars 2019 til og með 10. maí 2019**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 10. maí 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

29. mars 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
## Iðnaður og önnur landfrek starfsemi Esjumelur (AT5). Breytt skilgreining landnotkunar

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 21. febrúar 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til athafnasvæðis á Esjumelum (AT5) og varðar breytta skilgreiningu landnotkunar á hluta svæðisins. Breyting á deiliskipulagi Esjumela er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 29. mars 2019 til og með 10. maí 2019**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 1. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 10. maí 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
## Miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsbraut
### Krafa um gerð deiliskipulags við breytingu húsnæðis á svæði M2e

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 10. febrúar 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Breytingartillagan nær til miðsvæðis M2e í Síðumúla og Ármúla og varðar heimildir um byggingu íbúðarhúsnæðis.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 29. mars 2019 til og með 10. maí 2019**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 1. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***.

Vakin er athygli á því að athugasemdir Skipulagsstofnunar, dagsettar 6. febrúar 2019, eru kynntar með breytingartillögunni.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 10. maí 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2018/2019 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 685, 5. júlí 2018

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Bolungarvík**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðu byggðarlagi sbr. auglýsingu nr. 287/2019 í Stjórnartíðindum

**Súðavíkurhreppur**

ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt en vinnslusamningum er skilað í tölvupósti á byggðakvoti@fiskistofa.is á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2019

*Fiskistofa 28.03.2019*



ICELANDAIR OG COCA COLA LIGHT TASTE
KYNNA MEÐ STOLTI
DÍVUR
14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU
MIÐASALA HEFST 4. APRÍL!
SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN
DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS
GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON GÍTAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON
BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS
UNDIR STJÓRN DAVÍÐS SIGURGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR
light taste
Coca-Cola
ICELANDAIR
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528-5050
PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM 3. APRÍL KL. 10
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í FORSÖLU: SENALIVE.IS/DIVUR
sena LIVE!

## Merkisatburðir

**1787** Jón Eiríksson, lögfræðingur og konferensráð, sviptir sig lífi í Kaupmannahöfn.

**1881** Bjarndýr er skotið á Látrum við Eyjafjörð og nokkur önnur um austanvert landið.

**1943** Skömmtun á mjólkurafurðum á borð við mjólk, smjör og ost hefst í Bandaríkjunum vegna seinni heimsstyrjaldarinnar.

**1947** Hekla byrjar að gjósa í fyrsta sinn í rúma öld. Gosmökkurinn nær 30 km hæð og aska berst meðal annars til Finnlands og Englands.

**1961** Sett eru lög um launajöfnuð kvenna og karla. Þau skulu komin til framkvæmda að fullu fyrir 1. janúar 1967.

**1970 Henný Hermannsdóttir**, átján ára Reykjavíkurstúlka, sigrar í keppninni Miss Young International, sem haldin er í Japan.




**1971** Kviðdómur í Los Angeles mælist til þess að Charles Manson verði dæmdur til dauða fyrir morðið á leikkonunni Sharon Tate, sem gift var Roman Polański leikstjóra.

**1973** Síðustu bandarísku hermennirnir yfirgefa Suður-Víetnam.

**1982** Stevie Wonder og Paul McCartney gefa út smáskífuna Ebony and Ivory.

**1985** Manni er bjargað úr jökulsprungu í Kverkfjöllum, eftir 32 klukkustunda veru þar.




Móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Ragnheiður Kristjánsdóttir Ogata**

lést í Árgerði, Lögmannshlíð, Akureyri, þann 13. mars 2019. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur þakka starfsfólki Árgerðis hlýja og góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Snorri Ogata**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Helgi Sigurðsson**

málarameistari, Lundi 2, Kópavogi,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi sunnudaginn 24. mars. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 1. apríl klukkan 13.00.

**Stefanía Sigmarsdóttir**
**Guðríður Helgadóttir** **Mikael R. Ólafsson**
**Sigurður Helgason** **Snædís Xyxa Mae Jónsdóttir**
**Helga Mikaelsdóttir, Ágústa Mikaelsdóttir, Ólafur Mikaelsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gunnlaug Björk Þorláksdóttir**

Gulla Björk

Roðasölum 1, 201 Kópavogi, áður Sólheimum 23, 104 Reykjavík,

lést aðfaranótt sunnudagsins 17. mars á deild 12E á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 4. apríl klukkan 11. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin. Innilegar þakkir til starfsfólks Roðasala og deildar 12E.

**Jón H. Magnússon** **Elín Hrönn Gústafsdóttir**
**Ingibjörg G. Magnúsdóttir** **Ólafur Jóhannesson**
**Sigríður Magnúsdóttir** **Sigurður Pétursson**
**Björn A. Magnússon** **Valgerður Lísa Gestsdóttir**
**Magnús Þór Magnússon** **Anna Carlsdóttir**
**Baldvin Már Magnússon**
**ömmubörn og langömmubörn.**




**„Maður verður að horfa á það jákvæða,“ segir Benedikt sem hefur sótt um í listdansskóla í útlöndum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Höfnunin varð til heilla

**Benedikt Gylfason, sextán ára nemandi við Listdansskóla Íslands, vann til tvennra verðlauna í ballettsólókeppni – Stora Daldansen – í Falun í Svíþjóð í síðustu viku.**

Hann Benedikt Gylfason stefnir ótrauður á að leggja klassískan ballett fyrir sig, enda fékk hann góða umsögn frá fulltrúum dómnefndar í ballettsólókeppninni Stora Daldansen í Svíþjóð nýverið. Þar gerði hann sér lítið fyrir og vann sér inn þátttökurétt í ballettkeppni í Grasse í Frakklandi í október á þessu ári, og að auki býðst honum vikudvöl við ballettakademíuna í München í Þýskalandi

Benedikt nýtir dagana vel, er bæði í Listdansskóla Íslands og í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem hann er á fyrsta ári og syngur líka í hinum virta kór skólans. Hann er sextán ára og kveðst hafa byrjað í ballett þegar hann var tólf ára.

„Reyndar var ég eitt ár í ballett hjá Eddu Scheving þegar ég var sex ára en hætti og fór dálítið að leika og líka syngja, meðal annars í Drengjakór Reykjavíkur og í Sönglist. Lærði líka á píanó í mörg ár. Var svolítið í kringum leikhúsin, það var það sem ég hafði áhuga á. Þegar ég sá auglýstar prufur fyrir aðalhlutverkið í söngleiknum Billy Elliot sótti ég um og var valinn einn af þeim sex sem komu til greina. Við æfðum dans allt sumarið áður en æfingar á söngleiknum hófust. En svo fékk ég ekki hlutverkið. Það var auðvitað erfitt að fá neitun en ég bjó svo vel að þessum æfingum að ég fékk rosa áhuga á klassískum ballet og skráði mig í Listdansskóla Íslands í ágúst 2014 og hef verið þar síðan,“ lýsir Benedikt og heldur áfram: „Við erum líka í nútímadansi í Listdansskólanum og spuna, þannig að námið er fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt. Svo hef ég verið að semja bæði klassíska tónlist og popp-tónlist í nokkur ár.“



Benedikt dansar La Fille Mal Gardée í sólókeppninni í Svíþjóð.

> **Það var auðvitað erfitt að fá neitun en ég bjó svo vel að þessum æfingum að ég fékk rosa áhuga á klassískum ballett.**

Síðasta haust byrjaði Benedikt í opnu brautinni í MH og fær námið í Listdansskólanum metið þar. „Ég er í fullu námi í menntaskólanum en er samt að sækja um listdansskóla í útlöndum næsta vetur, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Er búinn að fara í prufur hjá San Francisco ballettinum og Listaháskólanum í Ósló, í Antwerpen og fleiri stöðum.“

Benedikt hefur sótt sumarnámskeið við nokkra af bestu ballettskólum heims svo sem skóla Parísaróperunnar og San Francisco ballettsins. Hann kveðst fara aftur til San Francisco í sumar á fullum skólastyrk og ekki þurfa að greiða námskeiðsgjöld. Nú telur hann það mikla gæfu að hafa ekki fengið hlutverkið í Billy Elliot þó svo höfnunin hafi tekið á, á þeim tíma. „Maður verður að horfa á það jákvæða. Kunna að nýta tækifærin sem manni eru gefin og gera það besta úr hlutunum.“ **gun@frettabladid.is**

# Bjó til umbúðir úr dýraafurðum

**TÍMAMÓT** Valdís Steinarsdóttir vöruhönnuður sýnir náttúrulegt umbúðaplast úr dýrahúð fyrir kjötvörur í Gallery Port fram á sunnudag, í tengslum við HönnunarMars. Um er að ræða náttúrulegt efni sem notað er í stað plasts. „Kjarninn í verkefninu er hugvekja um neyslu okkar á kjötvörum og einnota plasti,“ segir Valdís.

Valdís vinnur verkefnið í samstarfi við Emmu Theodórsdóttur, grafískan hönnuð, sem var með henni í námi í Listaháskóla Íslands.

Bioplastic Skin má rekja til verkefnis í LHÍ þar sem nemendur áttu að vinna með afurðir úr íslenska hestinum. Valdís notaði aldagamla aðferð við að sjóða kollagen úr hrosshúðum með nokkrum nútímaviðbótum. Hún hefur ekki í hyggju að setja efnið á markað enn sem komið er. „Núna er aðalmarkmiðið að vekja fólk til umhugsunar. Við erum svo aftengd því sem við neytum í daglegu lífi. Það er svo ótrúlega algengt að maður kaupi sér eitthvað með einnota plasti utan um það. Svo kaupir maður kjötvörur og er ekkert að pæla í hvað liggur að baki,“ segir Valdís. „Þetta er því meira hugvekja frekar en söluvara á þessum tímapunkti.“

Verkefnið hlaut fyrstu verðlaun í flokki frumgerða á Forum Design de Paris í fyrra. Almenningi gefst kostur á að koma við efnið. „Það verður eitthvað af efninu sem má pota í, fólk þarf að fá að upplifa efnin og pæla.“ **arib@frettabladid.is**



Valdís Steinarsdóttir vöruhönnuður.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnum á morgun
## laugardaginn, 30. mars

# BÓNUS®
# Garðatorgi

## Fjöldi opnunartilboða




## OPIÐ ALLA DAGA
# 10-19

## Verið velkomin

**BÓNUS®** EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **31. mars** eða meðan birgðir endast.

VALITOR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 2 |
| Ísafjörður | -5 | 9 |
| Akureyri | -2 | 6 |
| Egilsstaðir | 1 | 8 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 6 |
| Hveravellir | -6 | 12 |

Suðvestan 10-18 m/s hvassast við suður- og vesturströndina. Víða dimm él, en úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti kringum frostmark. Allhvöss vestanátt austanlands fram yfir hádegi, annars talsvert hægari vindur. Él, einkum á Norðurlandi, en bjartviðri suðaustan til. Frost víða 0 til 5 stig.

## Laugardagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 | 4 |
| Ísafjörður | -5 | 8 |
| Akureyri | -2 | 2 |
| Egilsstaðir | -2 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | -2 | 0 |
| Hveravellir | -11 | 6 |

## Sunnudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 6 |
| Ísafjörður | 0 | 2 |
| Akureyri | -1 | 2 |
| Egilsstaðir | 1 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 3 |
| Hveravellir | -2 | 8 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 krapi
5 blundur
6 í röð
8 verkhluti
10 ekki
11 eðja
12 frá
13 planta
15 granaldin
17 skyldu-greiðslu

**LÓÐRÉTT**
1 sker
2 hluti handar
3 mjaka
4 laklegur
7 nálgast
9 yndis
12 marr
14 þangað til
16 ólæti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1** slabb, **5** mók, **6** áb, **8** áfangi, **10** ei, **11** aur, **12** burt, **13** jurt, **15** ananas, **17** skatt.
**LÓÐRÉTT: 1** smáeyja, **2** lófi, **3** aka, **4** bágur, **7** birtast, **9** nautna, **12** brak, **14** uns, **16** at.

## Skák Gunnar Björnsson

Stephenson átti leik gegn Penrose í Bristol árið 1968.

**Hvítur á leik**



**1. Ha7! 1-0.** 1. ... Dxa7 er svarað með 2. Hxc8+ Kg7 3. Bxa7. Haraldur Haraldsson sigraði á Skákmóti öðlinga sem lauk í fyrradag. Haraldur Baldursson og Jóhann Ingvason urðu í 2.-3. sæti.

**www.skak.is:** Skákmót öðlinga.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



**Ég kalla æxlið boðflennu**
Segir **Þórunn Egilsdóttir**, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sem greindist nýverið með brjóstakrabbamein og tekst á við veikindin með jákvæðu hugarfari.




**Tískan er að drepa okkur**
Tískugoðsögnin og aktívistinn **Katharine Hamnett** er á Íslandi og ræðir um líf sitt og tískuiðnaðinn. Margaret Thatcher gaggaði eins og hæna, segir hún um sögufrægan fund þeirra árið 1984.

**Fóru í þrot en lána frá Danmörku**
**Smálánafyrirtækin** Kredia, Hraðpeningar, 1909 og fleiri lána Íslendingum frá Danmörku.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Í öruggan faðm | 7 ára leiga

Alma boðar nýja og bjartari tíma á leigumarkaði. Við gefum viðskiptavinum okkar kost á leigu til allt að sjö ára, með föstu leiguverði* og bestu þjónustu sem völ er á. Þannig tryggjum við meira húsnæðisöryggi en áður hefur þekkst á almennum leigumarkaði á Íslandi. Alma er í eigu Almenna leigufélagsins.

Nánari upplýsingar á www.al.is

*Leiguverð er bundið vísitölu neysluverðs.

ALMA

Suðurlandsbraut 30 | 108 Reykjavík | 519 6450 | www.al.is | al@al.is

# Merking hins nýja og ferska

**Sindri Leifsson og Vala Jónsdóttir sýna verk sín í Harbinger. Notast við kusk úr þurrkurum, sítrónur og ferskt viðarpúss. Kinnhestur var fangaður á mynd.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin Re-Fresh stendur nú yfir í Harbinger á Freyjugötu 1 og þar sýna verk sín Sindri Leifsson og Vala Sigþrúðar Jónsdóttir. Listamennirnir notast við sítrónur, kusk úr þurrkurum og lyktina af fersku viðarpússi í verkum sínum.

Vala vinnur verk úr þurrkarakuski sem hún fær úr efnalaug í Vesturbænum. „Þetta er þurrkarakusk, sem sagt allt það sem safnast fyrir í síunum inni í þurrkurum. Þarna er um að ræða efni sem er varla til því það er bara örlitlar agnir, en þegar þær safnast saman verða þær að haug. Það væri hægt að flokka þær sem skít en á sama tíma alveg ótrúlega hreinar af því þær eru nýkomnar úr hreinsun. Ilma næstum því eins og rúmföt sem er nýbúið að þvo,“ segir Vala. „Mér fannst áhugavert að sýna þetta hráefni alveg eins og það er og um leið fannst mér spennandi að nota hráefnið í hefðbundið handverk eins og dúkristur og pappírsgerð.“

### Sítrónur á sýningu

„Verkin mín á þessari sýningu eru aðallega búin til úr timbri og sítrónum,“ segir Sindri. „Eikin sem ég nota í verkin er óvarin og hrá, ekki olíuborin eða lökkuð. Í verkunum tefli ég saman eik og sandpappír. Þetta er eins og púsl, maður getur tekið sandpappírinn frá og pússað sína eikarfjöl og séð kuskið sem myndast við það og fundið lyktina.“



Sindri Leifsson og Vala Jónsdóttir sýna verk sín í Harbinger á Freyjugötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sindri notar sítrónur óspart. „Sítrónan sjálf, guli liturinn og lyktin af henni er stór hluti af sýningunni,“ segir hann. „Hugmyndin er sú að daglega komi nýjar og ferskar sítrónur á sýninguna á þar til gerða staði. Ýmsir listamenn hafa sýnt mat á sýningum í gegnum tíðina og látið hann brotna niður og mygla en við förum gegn því og verðum með allt jafn ferskt á hverjum degi eins og á opnun.“

### Kinnhestur á mynd

Á sýningunni er ljósmynd af Sindra, tekin eftir að Vala rak honum kinnhest. „Ég vildi sjá húð mína endurnýjast og bað Völu vinsamlegast um að slá mig. Hún gaf mér kinnhest og dró ekki af sér og myndin sýnir mig sekúndubrotið eftir að ég var sleginn,“ segir Sindri. Hann vildi framkalla ákveðna fagurfræði í ljósmyndinni og aflitaði því dökkt hár sitt fyrir myndatökuna. Spurður hvort það hafi verið sárt að vera sleginn segir hann: „Það var ekkert svakalega sárt en ákveðið sjokk og um leið viss hreinsun. Dálítið hressandi – refreshing.“

„Þegar ég sá ljósmyndina fannst mér Sindri líta út eins og lítið barn sem er nýbúið að bíta í sítrónu,“ bætir Vala við.

### Ekki ógnvænleg skilaboð

Listamennirnir eru spurðir hvort einhver skilaboð megi finna í verkum þeirra. „Ætli við séum ekki að velta því fyrir okkur hvaða merkingu nýtt og ferskt hefur, hvort og hvernig það er mikilvægur hluti af okkar daglega lífi og hvað verði til þess að hlutir missa nýjabrumið,“ segir Sindri.

Vala bætir við: „Í mörgum kimum hversdagsleikans er hröð endurnýjun, eins og til dæmis inni í ísskápnum okkar og í því hverju við klæðumst og hvernig við litum á okkur hárið. Þegar ég byrjaði að vinna með kuskið gerði ég mér glögga grein fyrir því að þetta er sama efni og fer út í sjóinn, sem er háalvarlegt. Mér fannst hins vegar skemmtilegra að nálgast þetta efni án þess að vera með ógnvænleg skilaboð. Þess vegna leyfi ég kuskinu bara að vera kusk inni í þessu rými.“



Verk á sýningunni, en þar hafa sítrónur stórt hlutverk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hagar

## Frá tilnefningarnefnd vegna aðalfundar Haga hf. 2019

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn föstudaginn 7. júní 2019.

Þeim hluthöfum sem vilja eiga fund með tilnefningarnefnd eða koma skilaboðum á framfæri við tilnefningarnefnd í aðdraganda aðalfundar 2019 er bent á að hafa samband við tilnefningarnefnd eigi síðar en kl. 16:00 þann 12. apríl nk. á netfangið *tilnefningarnefnd@hagar.is*.

Þeim sem vilja gefa kost á sér til setu í stjórn Haga hf. er bent á að tilkynna það skriflega til tilnefningarnefndar Haga hf. eigi síðar en kl. 16:00 þann 29. apríl 2019 á netfangið *tilnefningarnefnd@hagar.is*. Nauðsynlegt er að frambjóðendur notist við framboðseyðublað sem finna má á vefsíðu Haga en þar þarf meðal annars að upplýsa um bakgrunn og hæfi frambjóðanda, auk þess að gera grein fyrir hvernig frambjóðandi uppfyllir skilyrði sáttar Haga hf. við Samkeppniseftirlitið frá september 2018.

Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um viðmið tilnefningarnefndar við mat á frambjóðendum má finna á vefsíðu Haga hf., *www.hagar.is/fjarfestaupplysingar/adalfundur*.

Tillögur tilnefningarnefndar um frambjóðendur til stjórnar verða tilkynntar þann 15. maí nk.

**Tilnefningarnefnd Haga hf.**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 29. MARS 2019

**Hvað?** Opið hús með hönnuðum
**Hvenær?** 16.00-18.00
**Hvar?** Norræna húsið
Sýningar eru í fjórum rýmum Norræna hússins á HönnunarMars. Opið hús verður síðdegis í dag með hönnuðum og skipuleggjendum – einstakt tækifæri til að fá innblástur í góðum félagsskap. Léttar veitingar og tónlist.

**Hvað?** Rogue Valley – Myndlistarsýning
**Hvenær?** 17.00-20.00
**Hvar?** Deiglan, Listagilinu á Akureyri
Gestalistamaður Gilfélagsins í mars, Kate Bae sem er fædd í Busan í Kóreu en býr og starfar í New York, sýnir afrakstur dvalar sinnar í Deiglunni um helgina. Rouge Valley er sería akrýlinnsetninga. Verkin eru unnin með loftslag, jökla og bráðnun íss í huga sem og þau hughrif sem landslagið vakti.

**Hvað?** Tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fella- og Hólakirkja
Arnhildur Valgarðsdóttir organisti og Katherine Wren, víóluleikari og tónskáld, spila saman. Á efnisskránni eru verkin: Farewell to Stromness eftir Peter Maxwell Davies, Qaanaa, sónata eftir Adrian Vernon Fish, og Kvinnan fróma eftir Oliver Kentish. Kannski slæðast nokkur þjóðlög með. Tónleikarnir eru hluti af verkefni Katherine Wren sem nefnist Nordic Viola og öll eru verkin tengd stöðum við Norður-Atlantshafið svo sem Íslandi, Grænlandi, Orkneyjum og Hjaltlandseyjum. Þeir eru tæplega klukkustundar langir og að þeim loknum verður viðstöddum boðið upp á kaffi og smákökur. Aðgangseyrir er 3.000 en 2.000 fyrir eldri borgara og öryrkja. Ekki verður posi á staðnum.



Tónlistarkonurnar Katherine Wren og Arnhildur Valgarðsdóttir spila saman í kvöld í Fella- og Hólakirkju og bjóða upp á kaffi og smákökur á eftir.

**Hvað?** Sigríður Thorlacius og Tríó Uppáhellingarnir – Tónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, 5. hæð Hörpu
Tríóið hverfist öðru fremur um þéttradda samsöng af gamla skólanum. Nefna mætti sönghópa á borð við Mills bræður, The Pied Pipers og The Four Freshmen sem fyrirmyndir. Auk þess leikur það undir hjá sjálfu sér: Steingrímur Karl Teague á píanó, Rögnvaldur Borgþórsson á gítar og Andri Ólafsson á kontrabassa. Sigríður Thorlacius bætir fjórðu rödd við og býður líka upp á einsöngslög. Matthías M.D. Hemstock heldur utan um allt með þýðum, þéttum trommuleik. Miðaverð er kr. 2.500, 1.500 kr. fyrir nemendur og eldri borgara.



Sigríður Thorlacius kemur fram með Trói Uppáhellingarnir í Hörpu.

**Hvað?** Afrískt ball
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó
Afríka 20:20 stendur fyrir dúndur balli. Dansað verður við afríska dægurtónlist – ljúfa tóna frá Afríku sunnan Sahara. Um tónlist sér Dj Kito frá Mósambík og Cheick Bangoura slær djembe trommur klukkan 22.20. Afrískir göturéttir verða á boðstólum.
Húsið er opið frá klukkan 21-02. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Tangó praktika og milonga Tangófélagsins
**Hvenær?** 21.00-24.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg 12
Argentínskur tangó dunar í Kramhúsinu í kvöld, praktika frá klukkan 21-22 og í kjölfarið milongan til klukkan 24. Dj Helgi heldur uppi fjörinu með gullaldar-tangótónlist í bland við nýja. Gestgjafar eru Kristín og Helgi. Allir eru velkomnir og ekki þarf að mæta með dansfélaga. Aðgangseyrir er 1.000 krónur. Frítt er inn á praktiku, einnig er frítt fyrir 30 ára og yngri.


## Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 31.03 | Kl 19:00 | U | Þri 16.04 | Kl 19:00 | U | Fim 09.05 | Kl 19:00 | U | Sun 02.06 | Kl 19:00 | |
| Mið 03.04 | Kl 19:00 | U | Mið 24.04 | Kl 19:00 | U | Mið 15.05 | Kl 19:00 | U | Mið 05.06 | Kl 19:00 | |
| Fös 05.04 | Kl 19:00 | U | Fim 25.04 | Kl 19:00 | U | Fim 16.05 | Kl 19:00 | U | Fim 06.06 | Kl 19:00 | |
| Sun 07.04 | Kl 19:00 | U | Fös 26.04 | Kl 19:00 | U | Mið 22.05 | Kl 19:00 | | Fös 07.06 | Kl 19:00 | |
| Mið 10.04 | Kl 19:00 | U | Sun 28.04 | Kl 19:00 | U | Fim 23.05 | Kl 19:00 | | Mán 10.06 | Kl 19:00 | |
| Fös 12.04 | Kl 19:00 | U | Þri 30.04 | Kl 19:00 | U | Sun 26.05 | Kl 19:00 | | Fim 13.06 | Kl 19:00 | |
| Lau 13.04 | Kl 13:00 | U | Fim 02.05 | Kl 19:00 | U | Mið 29.05 | Kl 19:00 | | Fös 14.06 | Kl 19:00 | |
| Sun 14.04 | Kl 19:00 | U | Mið 08.05 | Kl 19:00 | U | Fim 30.05 | Kl 19:00 | | Sun 16.06 | Kl 19:00 | |



### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 30.03 | Kl. 20:00 | U | Lau 27.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | ÖL |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |



### Ríkharður III
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | Kl. 20:00 | U | Fim 04.04 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 | ÖL |



### Kvenfólk
Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 30.03 | Kl. 20:00 | U | Lau 06.04 | Kl. 20:00 | ÖL |



### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 15.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | | | |
| Þrið 24.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 10.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |



### Club Romantica
Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 05.04 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 13.04 | Kl. 20:00 | L |



### Bæng!
Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 | U |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö |



### Kvöldvaka með Jóni Gnarr
Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U |



### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | ÖL |

## Þjóðleikhúsið 551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 31.03 | kl. 13:00 | U | Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | Ö |
| Sun 31.03 | kl. 16:00 | U | Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | Ö |
| Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | U | Sun 26.05 | kl. 13:00 | Ö |
| Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | U | Lau 18.05 | kl. 13:00 | Au | Sun 2.6 | kl. 13:00 | Au |
| Lau 13.04 | kl. 12:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | U | Lau 18.05 | kl. 16:00 | Au | Lau 8.6 | kl. 13:00 | Au |



### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 29.03 | kl 19:30 | U | Lau 13.04 | kl. 19:30 | Ö | Mið 08.05 | kl. 19:30 | |
| Fös. 05.04 | kl 19:30 | U | Lau 04.05 | kl. 19:30 | | | | |



### Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 30.03 | kl 19:30 | U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 | Ö | Fös. 12.04 | kl 19:30 | U | Fös 03.05 | kl. 19:30 | |



### Þitt eigið leikrit
Kúlan

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | kl. 18:00 | Ö | Sun.31.03 | kl 17:00 | U | Sun 07.04 | kl. 15:00 | U | Lau 13.04 | kl. 17:00 | |
| Lau. 30.03 | kl 15:00 | U | Fös 05.04 | Kl. 18:00 | Ö | Sun 07.04 | Kl. 17:00 | Au | Sun 28.04 | kl. 15:00 | |
| Sun 31.03 | kl. 15:00 | U | Lau 06.04 | kl. 15:00 | U | Lau 13.04 | kl. 15:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 17:00 | |



### Súper
Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 28.03 | kl. 19:30 | U | Fim.04.04 | kl. 19:30 | U | Fim 11.04 | kl. 19:30 | U | Fös 26.04 | kl. 19:30 | |
| Lau. 30.03 | kl. 19:30 | U | Lau 06.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | U | | | |
| Mið. 03.04 | kl. 19:30 | U | Mið 10.04 | kl. 19:30 | U | Mið 24.04 | kl. 19:30 | | | | |



### Loddarinn
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau27.04 | kl. 19:30 | U | Fim 02.05 | kl. 19:30 | U | Lau 11.05 | kl. 19:30 | U |
| Þri 30.04 | kl. 19:30 | U | Fös 10.05 | kl. 19:30 | U | Fös 17.05 | kl. 19:30 | U |




### Brúðkaup Fígarós
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 | Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | | Lau 28.09 | kl. 19:30 | |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | | Lau 21.09 | kl. 19:30 | | Lau 05.10 | kl. 19:30 | |



### Mið-Ísland
Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 28.03 | kl. 21:00 | U | Lau 30.03 | kl. 19:30 | Ö | Fös 05.04 | kl. 19:30 | | Lau 06.04 | Kl. 22:00 | |
| Fös 29.03 | kl. 19:30 | U | Lau 30.03 | Kl. 22:00 | | Fös 05.04 | Kl. 22:00 | U | | | |
| Fös 29.03 | Kl. 22:00 | U | Fim 04.04 | kl. 19:30 | | Lau 06.04 | kl. 19:30 | | | | |



### Improv
Leikhúskjallarinn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mið 03.04 | kl. 20:00 | Mið 10.04 | kl. 20:00 |



### Dimmalimm
Brúðuloftið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 30.03 | Kl. 14.00 | U | Lau 06.04 | Kl. 14.00 | U | Lau 06.04 | kl. 15:30 | |






GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| *OZU Film Days - Sérverð 800 kr* | | FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING | |
|---|---|---|---|
| *Early Spring//Sōshun (ENG SUB) | 17:30* | Almost Famous (ICE SUB) | 20:00 |
| Everybody Knows (ICE SUB) | 17:30 | Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 20:15 |
| Capernaum (ENG SUB) | 17:30 | Everybody Knows (ICE SUB) | 22:00 |
| Mug // Twarz (ICE SUB) | 20:00 | Birds of Passage (ENG SUB) | 22:15 |




**Gjafakort Borgarleikhússins**
er ávísun á einstakt kvöld sem aldrei gleymist.
Gjafakortin eru tilvalin gjöf við hvers konar tilefni og koma í fallegum umbúðum.
Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is

Föstudagskvöld á RÚV




**VIKAN MEÐ GÍSLA MARTEINI**

kl 20.05

Helstu atburðir vikunnar krufnir í beinni. Gestir þáttarins eru Ragnar Kjartansson myndlistarmaður, Aníta Briem leikkona, Ragnar Axelson (RAX) ljósmyndari og Mannakorn.




**KANARÍ**

kl 19.45

Vandræðalega fyndnir sketsaþættir frá RÚV núll.



**Hvar og hvenær sem þér hentar**

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í spilara RÚV, á RÚV.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00** **Útsvar 2013-2014 Ísafjarðarbær - Fjallabyggð**
**14.05** **92 á stöðinni**
**14.25** **Séra Brown Father**
**15.10** **Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni Sigurður Örn Aðalgeirsson** Sigurður Örn Aðalgeirsson lauk doktorsprófi frá MIT háskólanum í Bandaríkjunum árið 2013. Hann lagði áherslu á vélmenni og gervigreind og var einn þeirra sem unnu að þróun vélmennanna Nexi og Maddox.
**15.35** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**15.50** **Í saumana á Shakespeare - Joseph Fiennes**
**16.50** **Fjörskyldan** Fjölskyldu- og skemmtiþáttur í umsjón Jóns Jónssonar þar sem hann fær til sín hressar fjölskyldur sem etja kappi í bráðfyndnum spurningaleikjum og þrautum. Dagskrárgerð: Rúnar Freyr Gíslason. Upptökustjórn: Þór Freysson. e.
**17.25** **Landinn**
**17.55** **Táknmálsfréttir**
**18.05** **KrakkaRÚV**
**18.06** **Hvergidrengir**
**18.32** **Sögur - Stuttmyndir Undarlega taskan**
**18.35** **Krakkafréttir vikunnar**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.45** **Kanarí**
**20.05** **Vikan með Gísla Marteini**
**20.50** **Brexit - Blekkingar og bolabrögð** Bresk leikin mynd sem byggð er á sönnum atburðum og segir frá því hvernig Dominic Cummings, kosningastjóri útgöngusinna, fór að því að sigra í kosningabaráttunni um Brexit. Leikstjóri: Toby Haynes. Aðalhlutverk: Benedict Cumberbatch, Sarah Belcher og Malcolm Freeman.
**22.25** **Norrænir bíódagar. Eftir brúðkaupið** Kvikmynd frá 2006 með Mads Mikkelsen í hlutverki Jacobs, sem hefur helgað götubörnum á Indlandi líf sitt. Barnaheimili sem hann rekur rambar á barmi gjaldþrots en þá fær hann óvenjulegt tilboð frá dönskum viðskiptamanni sem býður honum veglegan styrk með þeim skilyrðum að hann komi til Danmerkur og verði viðstaddur brúðkaup dóttur hans. Brúðkaupið veldur þáttaskilum í lífi Jacobs og hann neyðist til að taka erfiðar ákvarðanir. Leikstjóri: Susanne Bier. Aðalhlutverk: Mads Mikkelsen, Sidse Babett Knudsen og Rolf Lassgård. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.25** **Poirot - Stefnumót við dauðann** Hinn rómaði og siðprúði rannsóknarlögreglumaður Hercule Poirot tekst á við flókin sakamál af fádæma innsæi. Poirot er viðstaddur fornleifauppgröft í Sýrlandi árið 1937 sem er stýrt af Boynton lávarði og syni hans. Eiginkona Boyntons er einnig með í för, en hún er með eindæmum dónaleg og er illa liðin af öllum nema eiginmanni sínum. Þegar hún finnst myrt á Poirot því fullt í fangi með að yfirheyra alla þá grunuðu.
**01.55** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** **WGC. Dell Technologies Match Play**
**14.10** **Bank of Hope Founders Cup**
**17.10** **Golfing World**
**18.00** **WGC. Dell Technologies Match Play** Bein útsending frá Dell Technologies Match Play á Heimsmótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **The Tonight Show**
**09.30** **The Late Late Show**
**10.15** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.45** **The Voice US**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **Younger**
**19.30** **The Voice US**
**21.00** **Transformers**
**23.25** **Closed Circuit**
**01.00** **The Tonight Show**
**01.45** **NCIS**
**03.15** **The Walking Dead**
**04.00** **The Messengers**
**04.45** **Billions**
**05.50** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Í ljósi sögunnar**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Óskastundin**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Brot af eilífðinni Vera Lynn**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Sögur af landiVitar**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Grár köttur**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestarklefinn**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Flugur** Söngvaskáldið Ralph McTell
**19.45** **Hitaveitan** Jákvæður áróður
**20.35** **Mannlegi þátturinn**
**21.30** **Kvöldsagan. Plágan**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Passíusálmar**
**22.15** **Samfélagið**
**23.05** **Lestarklefinn**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.50** **Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery**
**14.15** **High Strung**
**15.50** **Mr. Deeds**
**17.25** **Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery**
**18.50** **High Strung**
**20.25** **Mr. Deeds**
**22.00** **Only the Brave**
**00.15** **Don't Think Twice**
**01.55** **Don't Breathe**
**03.25** **Only the Brave**

## STÖÐ 2

**07.00** **Blíða og Blær**
**07.25** **Friends**
**07.45** **Gilmore Girls**
**08.30** **Brother vs. Brother**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Restaurant Startup**
**10.20** **Splitting Up Together**
**10.50** **The Night Shift**
**11.25** **Deception**
**11.30** **Feðgar á ferð**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Næturvaktin**
**13.30** **Næturvaktin**
**13.55** **Love and Friendship**
**15.25** **The Yellow Handkerchief**
**17.00** **The Goldbergs**
**17.25** **Friends**
**17.45** **Bold and the Beautiful**
**18.05** **Nágrannar**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Veður**
**19.25** **Evrópski draumurinn**
**20.00** **Ingrid Goes West**
**21.40** **The Disaster Artist**
**23.25** **Brokeback Mountain**
**01.35** **The Bleeder**
**03.10** **Love and Friendship**
**04.40** **The Yellow Handkerchief**

## STÖÐ 3

**19.10** **The Simpsons**
**19.35** **The Last Man on Earth**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **Angie Tribeca**
**21.15** **The Simpsons**
**21.40** **Bob's Burgers**
**22.05** **American Dad**
**22.30** **Game of Thrones**
**23.30** **Luck**
**00.20** **The Last Man on Earth**
**00.45** **Two and a Half Men**
**01.10** **Seinfeld**
**01.35** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30** **Premier League World**
**08.00** **Keflavík - KR**
**09.40** **Domino's körfuboltakvöld**
**10.30** **Úrvalsdeildin í pílukasti**
**13.20** **Noregur - Svíþjóð**
**15.00** **Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**15.30** **Keflavík - KR**
**17.10** **Domino's körfuboltakvöld**
**18.00** **Domino's-deild karla** Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Domino's-deildar karla.
**20.10** **La Liga Report**
**20.40** **PL Match Pack**
**21.10** **Premier League Preview**
**21.40** **UFC Now**
**22.25** **Athletic Bilbao - Atletico Madrid**
**00.05** **Girona - Athletic Bilbao**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.20** **Real Betis - Barcelona**
**09.00** **Spænsku mörkin**
**09.30** **Napoli - Udinese**
**11.15** **Ítölsku mörkin**
**11.45** **West Ham - Huddersfield**
**13.30** **Everton - Chelsea**
**15.10** **Premier League Review**
**16.05** **Football League Show**
**16.35** **Premier League World**
**17.05** **Úrvalsdeildin í pílukasti**
**19.55** **Girona - Athletic Bilbao** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**22.00** **Sviss - Danmörk**
**23.40** **Centers of the Universe. Shaq & Yao**
**00.05** **WBA - Birmingham**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# HELGAR SPRENGJA




**20% afsláttur** af allri málningu



OUTBACK
**Gasgrill**
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 62,8x40,6 cm.
3000393
**29.990kr**
~~39.990~~ kr

Allar pottaplöntur
**25% afsláttur**



TÚLÍPANAR 10 STK. -40%
Túlípanar
10 stk.
**999kr**

Vorerika
10327408
**399kr**
~~599~~ kr
VORERIKA TILBOÐ -30%

ÁSTAREPLDUR TILBOÐ -25%
Ástareldur
**899kr**
~~1.199~~ kr

POTTAPLÖNTUR TILBOÐ -25%



OUTBACK
**18.990kr**
~~23.990~~ kr
**Gasgrill**
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225



20% afsláttur
Electrolux
**63.990kr**
~~79.990~~ kr
**Þvottavél 1400 sn.** EW6F5247G1
7 kg og með A+++ orkunýtingu, barnalæsing, hljóðstyrkur 58 dB en 78 dB, við þeytingu, með SensiCare kerfi.
1805695



NÝ og glæsileg búsáhaldardeild
í Skútuvogi
**25% afsláttur**
af öllum vörum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Byggjum á betra verði**
husa.is

# Klæðum okkur eftir veðri



Veldu ljósari yfirhafnir fyrir þennan árstíma. NORDICPHOTOS/GETTY

**Þótt veðrið sé ekki eins og best verður á kosið undir lok marsmánaðar þá látum við það ekki á okkur fá. Um helgina er nóg um að vera í miðbænum á HönnunarMars og við ætlum að klæða okkur eftir veðri.**

Enn er nokkuð langt í sumarið á dagatalinu og það er ekki beinlínis í kortunum heldur. Það er þó engin ástæða til þess að bugast þótt sumarfötin verði að fá að hanga eitthvað áfram inni í skápunum þannig að við skulum endilega byrja að sækja í bjartari liti, ljósar yfirhafnir, gerviloðkápur og hvítar buxur og mæta veðrinu með vor í hjarta. Glamour hefur hér tekið saman nokkrar hugmyndir. eddag@frettabladid.is



Kaia Gerber klæðist ljósri prjónapeysu, gallabuxum og dökkbrúnni leðurkápu.



**Hvítt** frá toppi til táar getur alveg virkað núna.



**Ljósbrúnn** loðjakki við hvítar gallabuxur er flott samsetning.



Ljósbrúnn er vinsælasti liturinn um þessar mundir.



Við getum ekki lagt gerviloðkápunni alveg strax.



Veldu hvítar buxur í staðinn fyrir þær svörtu.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.

• Facebook • Instagram • Twitter


TEKLA
Baðslopparnir frá Tekla fást í NORR11.
Sloppurinn eru vandlega gerður úr bómullarefni og tekur mjúkum tökum um líkamann. Tekla baðsloppurinn er hannaður með breiðum ermum, djúpum vösum og stórri hettu til að búa til þitt eigið þægindasvæði. NORR11, Hverfisgata 18A, 101 Reykjavík.







**Illugi Jökulsson hefur nú þegar tekið upp 30 Storytel-podköst sem hann kallar Skræður.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þrjátíu „köst“ Illuga

**Illugi Jökulsson** hefur lengi verið með sínar Frjálsu hendur í útvarpi en reynir nú fyrir sér í podkasti með Skræðum á Storytel.

Rithöfundurinn, samfélagsrýnirinn og ástríðugrúskarinn Illugi Jökulsson hefur verið með þátt sinn Frjálsar hendur á Rás 1 í háa herrans tíð en reynir nú fyrir sér í nýmóðins útvarpinu, podkasti, eða hlaðvarpi, með þáttum sem hann kallar Skræður.

„Podkastið heitir Skræður og þar les ég upp úr gömlum bókaskræðum alls konar skemmtilegan fróðleik, allt frá Íslendingasögum til æviminninga frá fyrri hluta 20. aldar,“ segir Illugi við Fréttablaðið.

Hendur hans verða þó áfram óbundnar í Efstaleitinu en með örlítið breyttum áherslum svo þær skarist ekki við Skræðurnar sem eru aðgengilegar áskrifendum hljóðbókaveitunnar Storytel.

„Þetta er alls ekki sama efnið og ég hef verið með í Frjálsum höndum á RÚV, þótt vissulega sé það ekki óskylt. Frjálsar hendur verða reyndar eftirleiðis eingöngu helgaðar erlendu efni og unnar öðruvísi, svo þetta tvennt skarist alls ekki.“

## Búinn að taka 30 „köst“

„Ég er til dæmis búinn að lesa upp úr Njálu um Hallgerði langbrók í þrem þáttum, en þó þannig að textinn er lagaður að eyrum nútímafólks,“ heldur Illugi áfram sem ætlar á næstunni að gera slíkt hið sama með sögu Jóns lærða af Spánverjavígunum og sitthvað fleira.



„Svo hef ég verið að lesa upp úr stórkostlegri sjóferðasögu Sveinbjörns Egilsonar, endurminningum lækna og ljósmæðra og margt fleira hnýsilegt og skemmtilegt. Ég er núna búinn að taka upp 30 „köst“ sem sum eru komin á vef Storytel en önnur birtast alveg á næstunni og sjálfsagt tek ég upp fleiri á næstunni,“ segir Illugi.

**ÞETTA ER ALLS EKKI SAMA EFNIÐ OG ÉG HEF VERIÐ MEÐ Í FRJÁLSUM HÖNDUM Á RÚV, ÞÓTT VISSULEGA SÉ ÞAÐ EKKI ÓSKYLT.**
Illugi Jökulsson

„Hann fer alveg ótrúlega vel af stað,“ segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel, um Illuga og Skræðurnar. „Þetta er mikill fróðleikur og við sjáum á þessu að fólk þyrstir í fróðleik. Ég segi ekki að það komi okkur á óvart en okkur finnst þetta skemmtileg viðbót og þessar Skræður eru strax í byrjun meðal vinsælasta efnisins hjá okkur.“

## Mikil en skemmtileg vinna

„Þetta fer víst vel af stað, segja þau mér hjá Storytel, og mér finnst sjálfum mjög gaman að þessu,“ segir Illugi. „Það er auðvitað töluverð vinna að finna efnið, sníða að upplestri, stytta og svo framvegis, en þetta er allt efni sem ég sjálfur hef gaman af og held að eigi fullt erindi til okkar.“

Illugi segir vinnuna við Skræðurnar ekkert ósvipaða vinnunni í útvarpinu. „Þar sem ég hef verið með Frjálsar hendur lengur en elstu menn muna. Að vísu er alltaf alveg einstakt að senda út Frjálsar hendur þar sem þær eru alltaf í beinni útsendingu, en ég kann líka býsna vel við þetta podkast-form.“

Stefán segir Storytel hafa verið að fikra sig áfram með podkastið og stutt reynslan sýni að þetta form henti vel til þess að leiða fólk inn í heim hljóðbókarinnar. „Við höfum kynnt þrjú podköst sem tengjast öll bókmenntum,“ segir Stefán og nefnir auk Illuga þættina Segðu mér sögu og Ískisur.

„Í Segðu mér sögu fær Hallgrímur Thorsteinsson bæði höfunda og lesara í viðtöl og Ískisur eru þrjár, ungar, hressar stúlkur sem eru miklir aðdáendur sagnanna um Ísfólkið. Þær eru að fjalla um bækurnar sem hafa reyndar notið ofboðslega mikilla vinsælda hjá okkur,“ segir Stefán um þessar rómuðu sjoppubókmenntir sem hafi gengið í endurnýjun lífdaga á Storytel.

## Meira á leiðinni

„Síðan er fleira í farvatninu enda erum við að sjá að þetta er bara frábær aðferð til að byrja að hlusta á hljóðbækur. Þetta er aðgengilegt, styttra efni og við finnum að fólk sem byrjar á podkastinu skiptir síðan í auknum mæli yfir í hljóðbækur sem er eiginlega endanlegt markmið okkar. Að breiða út boðskap hljóðbókarinnar.“

Og Illugi ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í þessum efnum. „Einhvern tímann í vor eða sumarbyrjun byrja ég með aðra seríu af podkasti hjá Storytel. Þar ætla ég að taka löng og ítarleg viðtöl við sagnfræðinga, fornleifafræðinga og aðra fræðimenn um nýjar rannsóknir, bækur og ritgerðir um söguleg efni.

Þarna ætla ég ekki síst að kynna fyrir fólki þá nýju mynd af fortíð okkar sem fræðimenn hafa verið að móta upp á síðkastið. Ég hlakka heilmikið til að taka þau viðtöl.“

**thorarinn@frettabladid.is**


**Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel, er hæstánægður með þann mikla áhuga sem notendur hafa á að gramsa í fróðleiksnámu Illuga.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


GRILLAÐ OG FERSKT DORITOS
CRUNCH WRAP
STAKT
1099 KR.
Mjúk tortilla, mexíkókryddaður kjúklingur, ostur, sýrður rjómi, svart Doritos og salsasósa.
MÁLTÍÐ
1799 KR.
Crunch Wrap, nachos með ostasósu, gos og Góu fjólublátt páskasmakk.
TACO BELL
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000
Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177


BAKÞANKAR


Þórarins Þórarinssonar




# Kæra dagbók

Árla morguns fór ég á hestvagninum í Bónus á Fiskislóð vegna þess að ég átti að sækja aðföng fyrir götuna í þessari viku. Margnota dömubindi, fjölnota skeinituskur, linsubaunir og tófústeikur eru komnar á sína staði og þetta tók mig nú ekki nema rétt tæpar tvær klukkustundir.

Sámur 2.1 var með í för og hann skeit þrisvar á leiðinni og skíturinn er enn á sínum stað. Hvað vorum við eiginlega að spá þarna þegar við vorum undir oki plastmenningarinnar og tróðum lífrænum úrgangi í baneitraða plastpoka?

Á heimleiðinni leyfði ég hugan-um að reika í ómengaðri þögninni á meðan Boxari dró vagninn sínum letilega takti. Spurði klóninn hvort honum þætti ekki heiður himininn fagur og lífið bara almennt svona nokkuð gott með tilliti til alls og hliðsjónar af hinu liðna.

Hann horfði á mig með þessum krúttlega morðglampa sem vill stundum einkenna afrit af afriti af afriti einhvers sem aldrei átti að endurtaka og lét skína í beittar tennurnar. Sérkennilegur fulltrúi sjúkra tíma, hann Sámur 2.1.

Hundspottinu til varnar var hann ekki einu sinni byrjaður að gerjast í tilraunaglasinu 28. mars 2019 þegar hinir skammsýnu fengu móðursýkiskast yfir því að flugvélar hættu að fljúga og nú myndi allt breytast. Akkúrat á þeim stað í sögu okkar sem hugsandi fólk vissi að við yrðum einmitt að hugsa allt upp á nýtt ef við ættum að lifa af.

19. öldin er alls ekkert svo slæm á þeirri 21. þegar við vitum allt sem við vitum og höfum vit á því að læra af sögunni og reynslunni. Úti í garði eru sætu kartöflurnar að potast upp úr moldinni og landnámshænurnar gagga. Ætli það verði ekki bara ommiletta í kvöldmat og svo rís enn einn fagur dagur á morgun.


FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA


*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.
Kvikk
ON THE GO






AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING






DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800
Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Original eða Cloud heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 384.900
Tilboð 288.675 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK